

BALDUR HAFSTAÐ

GOÐSÖGUR
FRÁ ÝMSUM STÖÐUM



L E S T U . I S

Inngangur

Goðsögur eru líkar ævintýrum og þjóðsögum að því leyti að þær höfða mjög til barna og unglings. Börn njóta goðsagna á annan veg en unglings enda eru þær þess eðlis að menn skilja þær sínum eigin skilningi, allt eftir aðstæðum og þroska.

Hlutverk kennarans er síðan að haga umræðunni þannig að hún henti viðkomandi aldurshóp. Yfirborðið eitt og sér er nægilegt tilefni til lestar og meðferðar. En eftir því sem þroski eykst má kafa dýpra í innihald og merkingu.

Oft greina goðsögur frá einhvers konar sköpun (svo sem tilurð þokunnar, sbr. grænlensku söguna, Hvernig þokan myndaðist). En mjög gjarnan er viðfangsefnið maðurinn sjálfur og vandi hans í tilverunni. Slíkar sögur eru óþrjótandi uppsprettu umræðu og eru þær ómetanlegar ungu fólk sem þarf stöðugt að fóta sig í ótryggri tilveru.

Þessi bók er liður í þeirri viðleitni okkar að gefa út sígilt efni sem hvetur til umræðu og gagnrýninnar hugsunar. Sögunum fylgja einnig skýringar og spurningar af ýmsu tagi.

Dauði Baldurs

Snorri Sturluson skrifaði *Snorra-Eddu* kringum 1230. Þá höfðu Íslendingar verið kristnir í meira en 200 ár. Snorri rifjar upp fjölmargar sögur sem eiga rætur í heiðni. Ein frægasta sagan í *Snorra-Eddu* segir frá dauða Baldurs hins góða, sem var sonur Óðins og Friggjar.

Það er upphaf þessarar sögu að Baldur hinn góða dreymdi að líf hans væri í mikilli hættu. En þegar hann sagði **ásunum** draumana ákváðu þeir að biðja Baldri **griða** fyrir allskonar háska. Og Frigg, móðir Baldurs, létt alla hluti sverja að gera Baldri ekki mein. Það voru eldur og vatn, járn og allskonar málmur, steinar, jörðin, viðirnir, sóttirnar, dýrin, fuglarnir, eitur og ormar.



Eftir þetta var það skemmtun Baldurs og ásanna að hann skyldi standa upp á þingum, og allir aðrir skyldu skjóta á hann, höggva til hans eða berja hann grjóti. En þrátt fyrir þetta sakadí hann ekki.

En þegar Loki Laufeyjarson sá þetta þá líkaði honum illa að Baldur sakaði ekki. Hann gekk til Fensalar til Friggjar og brá sér í konu líki. Þá spurði Frigg þessa konu hvort hún vissi hvað æsir væru að gera á þinginu. Konan sagði að allir skutu að Baldri en hann sakaði þó ekki. Þá mælti Frigg: „Eigi munu vopn eða viðir granda Baldri. Ég hef látið alla hluti sverja mér eiða.“

Þá spyr konan: „Hafa allir hlutir unnið eiða að hlífa Baldri?“

Frigg svarar: „Viðarteinungur einn vex fyrir vestan Valhöll. Sá er kallaður **mistilteinn**. Mér þótti hann of ungur og lét hann því ekki sverja eiðinn.“ Því næst hvarf konan á braut.

En Loki tók mistiltein og sleit upp og gekk til þings. Höður, bróðir Baldurs, stóð utarlega í mannhringnum, því að hann var blindur. Þá mælti Loki við hann: „Hví skýtur þú ekki að Baldri?“ Hann svarar: „Því að ég sé eigi hvar Baldur er, og auk þess er ég vopnlaus.“ Þá mælti Loki: „Gerðu þó eins og aðrir og veittu Baldri sæmd. Ég mun vísa þér til hvar hann stendur. Skjóttu að honum þessum vendi.“

Höður tók mistilteininn og skaut að Baldri að tilvísun Loka. Flaug skotið í gegnum hann og féll hann dauður til jarðar. Og er það mesta óhapp sem unnið hefur verið með goðum og mönnum.

Þegar Baldur var fallinn urðu æsir orðlausir og máttvana. Þeir horfðu hver á annan og hugsuðu allir á sama hátt til þess sem unnið hafði verkið. En enginn gat heft Baldurs því að þetta var svo mikill **griðastaður**.

En þegar æsirnir reyndu að tala, þá kom gráturinn fyrst upp, svo að enginn gat sagt með orðunum frá harmi sínum. En Óðinn, faðir Baldurs, vissi best hversu mikill missir ásunum var í fráfalli Baldurs og því var harmur hans mestur.

En er goðin vitkuðust þá spurði Frigg hver sá væri með ásum sem vildi eignast allar ástir hennar og velvild. Það mundi sá gera sem vildi ríða á Helveg og freista þess að finna Baldur og bjóða **Helju** lausnargjald, ef hún vildi láta Baldur komast aftur heim í Ásgarð. En sá er nefndur Hermóður hinn hvati, sonur Óðins, sem bauðst til að fara þessa ferð. Þá var Sleipnir, hestur Óðins, leiddur fram, og steig Hermóður á þann hest og reið á braut.

En æsirnir tóku lík Baldurs og fluttu til sævar. Hringhorni hét skip Baldurs. Hann var allra skipa mestur. Þetta skip vildu goðin setja fram og gera þar á **bálför** Baldurs. En þeim tókst ekki að hreyfa það úr stað. Þá var sent í Jötunheima eftir **gýgi** þeirri er Hyrrokkin hét. Hún kom þá ríðandi á úlfi og hafði höggorm fyrir beislistauma. Hún stökk af baki, en Óðinn kallaði til fjóra **berserki** að gæta hestnsins (þ.e. úlfsins) og gátu þeir ekki haldið honum nema með því að fella hann. Þá gekk Hyrrokkin á framstafn **nökkvans** og hratt fram í fyrsta viðbragði, svo að eldurhraut úr **hlunnunum** og öll lönd skulfi. Þá varð Þór reiður og greip hamarinn og hefði brotið höfuð hennar ef goðin öll hefðu ekki beðið henni friðar.

Þá var borið út á skipið lík Baldurs, og er það sá kona hans, Nanna Nepsdóttir, þá sprakk hún af harmi og dó. Var hún borin á skipið og slegið í eldi. Þá vígði Þór bálið með hamrinum Mjöllni, en fyrir fótum hans hljóp dvergur nokkur, sem Litur var nefndur; Þór sprynti fæti sínum á hann og hratt honum í eldinn, og brann hann.

Margir komu að þessari brennu. Með Óðni var Frigg og **valkyrjur** og hrafnar hans. En Freyr ók í kerru með **gelti** þeim er Gullinbursti heitir eða Slíðrugtanni. Heimdallur reið hesti þeim er Gulltoppur heitir. En Freyja ók köttum sínum. Margir hrímpursar og bergrisar voru einnig mættir. Óðinn lagði á bálið gullhring þann er Draupnir heitir. Honum fylgdi síðan sú náttúra að níundu hverja nótt drupu af honum átta gullhringar jafnþungir. Hestur Baldurs var leiddur á bálið með öllum reiðtygjum.

En það er að segja frá Hermóði að hann reið níu nætur um dökka dali og djúpa og sá ekkert fyrr en hann kom til árinnar Gjallar og reið á Gjallarbrúna. Hún er þakin lýsigulli. Móðgunnur er nefnd mær sú er gætir brúarinnar. Hún spurði hann að nafni eða ætt og sagði að daginn áður hefðu fimm fylkingar dauðra manna riðið um brúna – „en eigi dynur brúin minna undir þér einum, og eigi hefur þú lit dauðra manna. Hví ríður þú hér á Helveg?“ Hann svarar að „ég skal ríða til Heljar að leita Baldurs. Eða hvort hefur þú nokkuð séð Baldur á Helvegi?“ En hún sagði að Baldur hafði þar riðið um Gjallarbrú, „en niður og norður liggur Helvegur.“

Þá reið Hermóður þar til er hann kom að Helgrindum. Þá **sté** hann af hestinum og gyrti hann fast, steig upp og keyrði hann **sporum**, en hesturinn hljóp svo hart og yfir grindina að hann kom hvergi nær. Þá reið Hermóður heim til hallarinnar og steig af hesti, gekk inn í höllina, sá þar sitja í **öndvegi** Baldur bróður sinn, og dvaldist Hermóður þar um nóttina. En að morgni þá beiddist Hermóður af Helju að Baldur skyldi ríða heim með honum, og sagði hversu mikill grátur var með ásum. En Hel sagði að það skyldi láta á það reyna hvort Baldur væri svo ástsæll sem sagt er, og „ef allir hlutir í heiminum, **kvíkir** og dauðir, gráta hann þá skal hann fara til ása aftur, en haldast með Helju ef nokkur mælir á móti eða vill eigi gráta.“

Þá stóð Hermóður upp, en Baldur leiðir hann út úr höllinni og tók hringinn Draupni og sendi Óðni til minja, en Nanna sendi Frigg **rifti** og enn fleiri gjafir. Fullu, þjónustustúlku Friggjar, sendi hún fingurgull. Þá reið Hermóður aftur leið sína og kom í Ásgarð og sagði öll tíðindi þau er hann hafði séð og heyrt.

Því næst sendu æsir um allan heim erindreka að Baldur væri grátinn úr Helju. En allir gerðu það, mennirnir og kvikindin og jörðin og steinarnir og tré og allur málmur, svo sem þú munt séð hafa að þessir hlutir gráta þá er þeir koma úr frosti og í hita.

Þá er sendimenn fóru heim og höfðu vel rekið sín erindi finna þeir í helli nokkrum hvar gýgur sat. Hún nefndist Þökk. Þeir biðja hana gráta Baldur úr Helju. Hún segir:

„Þökk mun gráta
þurrum tárum
Baldurs bálfarar.
Kviks né dauðs
nautka (þ.e. naut ég ekki) eg karls sonar.
Haldi Hel því er hefir.“

En þess geta menn að þar hafi verið Loki Laufeyjarson, er flest hefur illt gert með ásum.

ás (fleirtala: *aesir*): guð, goð

grið: (hér) miskunn; biðja einhverjum griða: biðja um að einhverjum verði hlíft

mistilteinn: sígrænn runni, sníkjuplanta sem vex á trjám

griðastaður: öruggur staður, (hér) þingstaður þar sem ekki mátti beita vopnum

Helja (Hel): gyðja dauðaríkisins

bálför Baldurs: útför þar sem Baldur var brenndur ásamt skipi sínu (áður en
hann fór til Heljar)

gýgur: tröllkona

berserkur: kappi sem gengur berserksgang í bardögum

nökkvi: skip

hlunnar: tré eða hvalbein sem er haft undir skipi þegar það er sjósett eða
dregið á þurrt

valkyrjur: skjaldmeyjar (þær tengjast Óðni og velja þá sem eiga að deyja í
bardaga)

göltur: karlkyns svín (göltur – um gölt – frá gelti – til galtar)

sté: gömul þátíðarmynd af **stíga**. Hver er annars þátíð af **stíga**?

sporar: gaddar aftur úr skóhæl reiðmanns (hann rekur sporana í hestinn svo
hann fari hraðar)

öndvegi: heiðurssæti

kvíkur: lifandi

rifti: klæði, klæðaefni

Verkefni

1. Hvernig var Höður skyldur Baldri? En Hermóður?
2. Hvað hét salur Friggjar?
3. Hver er skýring á jarðskjálftum í þessari sögu?
4. Hvernig virðist **döggin** myndast samkvæmt þessari sögu?
5. Hvað er sérstakt við gullhringinn **Draupni**?
6. Gerðu útdrátt úr sögunni í u.p.b. tíu línum þar sem aðalatriðin koma fram.
7. Flettu sögninni að **sverja** upp í orðabók. Hvernig er hún í þátíð? Búðu til setningu sem sýnir þátíðina.
8. Beygðu orðið **goð** í eintölu og fleirtölu, með og án greinis (taktu eftir að orðið er hvorugkyns). Beygðu síðan orðið **guð** í eintölu og fleirtölu.
9. Flettu upp orðinu **Frigg** og beygðu það í föllum.
10. Teiknaðu mynd af því þegar Höður skýtur mistilteininum að Baldri. Til greina kæmi að vinna þetta í hópvinnu og gera einhvers konar myndaröð (mundu að hesturinn Sleipnir hefur átta fætur!).

Til umhugsunar

Tengdu eftirfarandi málshætti við söguna af dauða Baldurs:

Ekki verður feigum forðað né ófeigum í hel komið.

Öfund dregur illan slóða. (**slóði**: ferill, slóð, (hér) afleiðingar)

Úlfurinn bundinn

Sagan er úr *Snorra-Eddu* og lýsir fjötrunum þremur, Læðingi, Dróma og Gleipni sem Fenrisúlfur er bundinn með. Loki og allt hans hyski vekur ógn meðal ása.

Loki átti þrjú börn með tröllkonu þeirri sem Angurboða heitir og býr í Jötunheimum. Börnin hétu Fenrisúlfur, Miðgarðsormur og Hel. En þegar æsir fréttu að þessi börn uxu upp í Jötunheimum léti Óðinn sækja þau og færa sér því að hann grunaði að mikil ógn mundi stafa af þeim. Og er þau komu til hans þá kastaði hann orminum í hinn djúpa sæ og óx sá ormur og varð svo stór að hann gat hringað sig um öll lönd og bitið í sporð sér. Óðinn kastaði Hel í **Niflheim** og gaf henni vald yfir níu heimum og hún átti að ráða yfir öllum sem urðu sóttdauðir eða ellidauðir. Diskur hennar heitir Hungur en hnífur hennar Sultur. Hún er blá hálf en hálf með hörundslit. Því er hún auðþekkjanleg og heldur grimmileg.

Úlfinum héldu æsir heima og var Týr, sonur Óðins, eina goðið sem þorði að ganga að honum og gefa honum mat. En er goðin sáu hversu mikið hann óx hvern dag, og allar spár sögðu að hann myndi eiga eftir að valda þeim skaða, þá tóku æsir það ráð að þeir gerðu afar sterkan fjötur sem þeir kölluðu Læðing. Þeir fóru til úlfssins og báðu hann reyna afl sitt við fjöturinn. Úlfurinn féllst á það og leyfði þeim að setja á sig fjöturinn. Að því loknu sprynti hann við og þá brotnaði sá fjötur. Þannig leystist úlfurinn úr Læðingi.

Því næst gerðu æsirnir annan fjötur hálfu sterkari sem þeir kölluðu Dróma, og báðu enn úlfinn reyna þann fjötur. Þeir sögðu að hann ætti eftir að verða gríðarsterkur ef hann gæti brotið slíka stórmíð. Úlfurinn hugsaði að þessi fjötur hlyti að vera geysisterkur, en hann vissi líka að afl hans hafði vaxið síðan hann braut Læðing. Hann gerði sér einnig grein fyrir því að hann myndi verða að leggja sig í hættu ef hann ætlaði sér að verða frægur, og þess vegna léti hann leggja á sig fjöturinn. Og þegar æsir töldust hafa bundið úlfinn nógu rammlega, þá hrísti hann sig og slengdi fjötrinum á jörðina og sprynti við og braut fjöturinn svo að brotin flugu langar leiðir. Þannig drap hann sig úr Dróma.



Eftir það óttuðust æsirnir að þeir myndu ekki geta bundið úlfinn. Þá sendi Óðinn þann er Skírnir er nefndur, sendimaður Freys, ofan í Svartálfaheim til dverga nokkurra og lét gera fjötur þann er Gleipnir heitir. Hann var gerður af sex hlutum: Af dyn kattarins og af skeggi konunnar og af rótum bjargsins og af sinum bjarnarins og af anda fisksins og af fugls hráka. Þetta er dagsatt þótt það hljómi sérkennilega því að allir vita að konan hefur ekki skegg, og enginn dynur verður af hlaupi kattarins, og eigi eru rætur undir bjarginu.

Þessi fjötur var sléttur og blautur eins og silkiræma en gríðarlega traustur og sterkur. Og þegar hann var færður ásunum þökkuðu þeir sendimanninum vel. Þá fóru æsirnir út í vatn það er Ámsvartnir heitir, í hólm þann er Lyngvi er kallaður, og kölluðu með sér úlfinn, sýndu honum silkibandið og báðu hann slíta og sögðu bandið vera nokkru traustara en það liti út fyrir að vera. Æsir létu bandið ganga á milli sín og teygðu á því með handafli, en það slitnaði ekki. Þó sögðu þeir úlfinn myndu slíta það.

Þá svarar úlfurinn: „Svo líst mér á þennan dregil sem enga frægð muni ég af hljóta þótt ég slíti í sundur svo mjótt band. En ef það er gjört með list og **vél**, þótt það sýnist lítið, þá kemur það band eigi á mína fætur.“

Þá sögðu æsir að hann mundi skjótt sundur slíta mjótt silkiband úr því hann hafði fyrr brotið stóra járnþjötra. „En ef þú getur ekki slitið þetta band, þá þurfum við ekki að óttast þig, og því munum við þá leysa þig.“

Úlfurinn segir: „Ef þið bindið mig þannig að ég geti eigi leyst mig, þá munuð þið hlæja að mér og veita mér enga hjálp. Ófús er ég að láta þetta band á mig leggja. En ég vil ekki að þið segið mig huglausn og hræddan. Þið megið því láta einhvern ykkar leggja hönd sína í munn mér að veði til að öruggt sé að þetta sé falslaust gert.“

Nú litu æsirnir hver til annars og þótti nú vera tvö vandræði, og vildi enginn leggja sína hönd fram fyrr en Týr rétti fram hægri höndina og lagði í munn úlfinum. En er úlfurinn spyrnir, þá harðnaði bandið, og því harðar sem hann braust um því skarpara var bandið. Þá hlógu allir nema Týr. Hann missti hönd sína.

Þegar æsirnir sáu að úlfurinn var bundinn að fullu, þá tóku þeir festina sem lá úr fjötrinum, er Gelgja hét, og drógu hana gegnum hellu mikla, sú heitir Gjöll, og festu helluna langt í jörð niður. Þá tóku þeir mikinn stein og skutu enn lengra í jörðina. Sá heitir þviti, og höfðu þann stein fyrir festarhælinn.

Úlfurinn gapti ákaflega og braust um mjög og vildi bíta þá. Þeir skutu í munn honum sverði nokkru. Nema **hjöltin** við neðri gómi en efri gómi **blóðrefill**. Það er **gómsparri** hans. Hann grenjar illilega og slefa rennur úr munni hans. Það er sú á er Vón heitir. Þar liggur hann til **ragnarökkurs**.

Niflheimur: þokuheimur, undirheimur, ríki dauðra

vél: svik, vélabréð

hjölt: handhlíf á sverði

blóðrefill: (hér) sverðsoddur

gómsparri: ginkefli; kefli sem sett er í ginið á dýrum til að halda munninum opnum

ragnarökkur: ragnarök, heimsendir

Verkefni

1. Hvað hétu börn Loka og Angurboðu?
2. Hversu stór varð Miðgarðsormur?
3. Hvert kastaði Óðinn Hel?
4. Hvers vegna var úlfurinn reiðubúinn að láta setja Dróma á sig?
5. Hvaða hæfileikum búa dvergarnir í Svartálfaheimi yfir?
6. Hvers vegna setti Týr hönd sína í gin úlfsins?
7. Allir menn eru í einhvers konar fjötrum. Skrifaðu nokkrar línur um þessa fullyrðingu.

Fenja og Menja

Í *Snorra-Eddu* eru útskýrð gömul orð og orðasambönd sem skáldin gömlu notuðu. Þessi orð tengjast gjarnan ásum og jötnum og fornum hetjum. Þetta eru eiginlega hálfgerðar gátur (kallast *kenningar*) sem Snorri leggur fyrir okkur og svarar síðan sjálfur með sögunni sem er á bak við gátuna. Hvers vegna er t.d. gull kallað „mjöl Fróða“? Svarið við þeirri spurningu kemur fram í eftirfarandi sögu úr Snorra-Eddu.

Danakonungar voru kallaðir Skjöldungar af því að ættfaðir þeirra hét Skjöldur en hann var sonur sjálfs Óðins. Skjöldur átti son sem hét Friðleifur en sonur Friðleifs var Fróði og tók hann við ríki í Danmörku þegar faðir hans lést. Þetta var á þeim tíma þegar Ágústus keisari ríkti í Rómaborg og Jesús Kristur fæddist í Betlehem. Ágústus keisari kom á friði í heiminum. En af því að Fróði var voldugasti konungur á Norðurlöndum töldu menn að friðurinn þar væri honum að þakka og töluðu því um Fróðafrið. Friðurinn var svo mikill að enginn framdi víg eða manndráp, jafnvel þó hann hitti á förnum vegi þann sem áður hafði drepið föður hans eða bróður. Og engum datt heldur í hug að ræna eða stela. Þess vegna tók enginn upp gullhring sem lá árum saman fyrir augum manna sem ferðuðust um Jalangursheiði.

Einu sinni var Fróða konungi boðið til Fjölnis konungs í Svíþjóð. Í þeirri ferð keypti hann tvær **ambáttir** sem hétu Fenja og Menja. Þær voru miklar og sterkar enda voru þær af ætt **jötna** en það vissi Fróði ekki. Þegar hann kom heim frá Svíþjóð með ambáttirnar vildi svo til að maður sem hét Hengikjöftur gaf honum two **kvarnarsteina** eða myllusteina. En þeir voru svo þungir að enginn var svo sterkur að hann gæti malað í þeim korn. Þessi **kvörn** hét Grótti. Sú **náttúra** fylgdi henni að sá sem malaði gat sagt henni hvað hún ætti að mala.

Nú lét Fróði leiða sterku ambáttirnar sínar að kvörninni og bað þær að mala handa sér gull, frið og *sælu*. Þær reyndust nógu sterkar til að geta snúið kvörninni. En hann gaf þeim ekki hvíld eða svefn nema þann stutta tíma sem *gaukurinn* þegir á nótturni. Eitt sinn meðan ambáttirnar möluðu kornið þuldu þær kvæði sem kallað er Gróttasöngur; þar sögðu þær ýmislegt um uppruna sinn meðal jöttna. En áður en þær luku kvæðinu hófu þær að kveða Fróða *bölbænir* vegna þess að þeim sárnaði hvað hann beitti þær mikilli hörku. Og nú möluðu þær her að Fróða. Þessa nót kom *sækonungurinn* Mýsingur að höll Fróða og drap hann og tók mikið herfang. Þar með var Fróðafriður á enda.

Mýsingur hafði kvörnina Grótta með sér út á skip sitt ásamt ambáttunum Fenju og Menju og skipaði þeim að mala salt. Þegar komið var fram á nót spurðu þær Mýsing hvort ekki væri komið nóg af salti. Hann sagði þeim að mala lengur. Þær héldu þá áfram að mala, en að lokum var saltið orðið svo mikið að skipið sökk. Mikil hringiða eða svelgur myndaðist í hafinu þar sem sjórinn rann í gegnum augað á kvörninni. Eftir þetta varð sjórinn saltur.

ambátt: kvenkyns þræll

jötnar: risar, tröll

kvarnarsteinar: hringlaga myllusteinar, notaðir til að mala korn. Á efri steininum var gat eða „auga“ sem kornið var látið í og þegar steininum var snúið varð kornið að mjöli við það að merjast milli steinanna.

kvörn: mylla, mölunartæki

náttúra: (hér) eiginleiki

sæla: hamingja

gaukur: söngfugl

bölbænir: illar óskir, bölvun, formælingar

sækonungur: víkingakonungur; konungur sem á sér ekki fastan bústað en heldur til á herskipum sínum.

Verkefni

1. Hvað heldur þú að sé langt síðan þessi saga gerðist? (Þú gætir t.d. miðað við fæðingu Krists.)
2. Hvað hét konungur Svía?
3. Hvar keypti Fróði ambáttirnar?
4. Hvað hét maðurinn sem gaf Fróða konungi kvörnina?
5. Hvað máttu ambáttirnar hvíla sig lengi?
6. Hvers vegna myndaðist svelgur í hafinu?
7. Hvers vegna er sjórinn saltur?
8. Veldu þér atvik úr sögunni og teiknaðu af því mynd.

Til umhugsunar

Tengdu þessa málshætti við efni sögunnar:

Betri er friður en bardagi.

Margur verður á gullinu ginntur.

Sjaldan er þræll happasæll.

Arakhne og kóngulóarvefurinn

Það var stúlka í Lýdíu sem hét Arakhne. Faðir hennar starfaði við efnalitun. Strax á unga aldri var Arakhne þekkt fyrir útsaum og vefnað. Listvefnaður hennar var svo fallegur að dísirnar úr nágrenninu komu til að dást að honum. Hæfileikar Arakhne á þessu sviði urðu þess valdandi að fólk fór að tala um að hún hefði lært að vefa hjá Aþenu, gyðju vefara og skrautsaumara. Arkhne var ánægð með þá athygli sem hún fékk en jafnframt var hún ófánleg til að kenna öðrum list sína. Hún varð að lokum svo stolt að hún ögraði sjálfri Aþenu með því að álita sjálfa sig geta keppt við hana í listvefnaði.

Nú brá Aþena sér í gervi gamallar konu og birtist hinni ungu Arakhne. Í fyrstu gerði gamla konan ekki annað en vara hana við og bað hana að gæta hófs því að annars mundi hún kalla yfir sig reiði gyðjunnar. En Arakhne svaraði með háði og spotti og móðgaði þannig gyðjuna sem varpaði nú gervinu af sér, og þær hófu keppni í vefnaði.

Mynstrið á vefnaði Aþenu sýndi guðina á Ólympsfjalli í öllu sínu veldi en í hornin á verkinu setti hún myndir sem áttu að vera Arakhne til viðvörunar. Þær sýndu fall dauðlegra manna sem höfðu gerst svo djarfir að ögra guðunum og sýna þeim þannig óvirðingu. Arakhne óf aftur á móti **refil** með myndum af elskendum úr flokki hinna grísku guða, einkum ef um leynilega ást var að ræða. Þetta verk var svo vel unnið að ekki var hægt að gera betur. Þegar Aþena áttaði sig á þessu varð hún heiftarlega **afbrýðisöm**; hún réð nú ekkert við sig og reif í bræðiskastinu verk Arakhne í tætlur og sló til hennar með **skyttunni**. Arakhne varð svo mikið um þetta að hún hengdi sig. En Aþena vildi ekki láta hana deyja og breytti henni í kónguló sem fór að spinna úr sínum fíngerða þræði og hélt því áfram uns hún átti engan þráð til lengur.

Grísk goðsaga

refill: (hér) ofið teppi

afbrýðisamur: öfundsjúkur (gagnvart hugsanlegum keppinaut)

skyttar (í vefstóli): áhald til að þræða ívafið í vefnað

Verkefni

1. Lærði Arakhne list sína hjá Ábenu? Ef ekki, hvar heldur þú að hún hafi lært að sauma og vefa?
2. Hvers vegna reiddist Ábena Arakhne?
3. Skrifaðu fáeinarr línum um það hvernig farið getur fyrir ungu fólk sem sýnir hroka og eicingirni. Þú mátt nota dæmi úr ævintýrum sem þú þekkir. Þú mátt líka skálda upp sögu.
4. Finndu málshátt sem á vel við um Arakhne (orðið **dramb** kemur þar fyrir).

Mídas konungur og gullið

Mídas var konungur í Frýgíu í *Anatólíu*. Fræg er sagan af honum sem segir frá því hvernig hann öðlaðist þann eiginleika að geta breytt öllu því í gull sem hann snerti. Þetta atvikaðist þannig að dag einn uppgötvaði *Diónýsos*, sem var guð vínsins, að einn af *satýrunum* hans var horfinn. Þessi satýr hét Sílenos og hafði verið að eltast við dísir (svokallaðar nymfur) og drukkið fullmikið af víni dísanna, svo mikið að hann sofnaði að lokum úti á víðavangi. Frígískir bændur fundu hann og drógu hann inn í höll Mídasar konungs sem fagnaði honum og veitti honum vel af víni sínu. En þegar Sílenos var kominn til sjálfs sín eftir alla drykkjuna skilaði Mídas honum aftur til Diónýsosar sem bjó í Lýdíu.

Það urðu fagnaðarfundir með Sílenosi og Diónýsosi. Sá síðarnefndi réð sér varla fyrir kæti og vildi nú launa Mídas með því að veita honum eina ósk. Mídas óskaði sér þess þá að allt sem hann snerti yrði að gulli – og óskin rættist. Hann snerti grein sem varð á vegi hans – og hún varð að gulli. Sama gerðist þegar hann tók upp stein af götunni. En þegar hann beit í kjötstykki varð það einnig að gulli. Mídas ætlaði nú að dreypa á víni, en þá breyttist það í fljótandi gull. Þegar Mídas kom heim faðmaði hann dóttur sína í ógáti en hún breyttist samstundis í gullstyttu. Vesalings kóngurinn var nú búinn að átta sig á því að óskin var honum ekki til heilla.

Nú hafði Mídas engin önnur úrræði en að grátbiðja Diónýsos um að taka aftur óskina svo að hann dæi ekki úr hungri og þorsta. Diónýsos varð við ósk hans og sagði honum að baða sig í ánni Paktólos í Lýdíu. Sagan segir að sandurinn í ánni hafi þá breyst í gull.

Til er önnur saga af Mídasar þar sem hann átti að dæma um það hvor væri betri hljóðfærileikari, sólarguðinn Apolló eða náttúruгуðinn Pan en báðir tengdust þeir tónlist órjúfnanlegum böndum. Mídas fannst flautuleikur Pans

betri en lýruleikur Apollós. Í reiði sinni yfir þessum dómi breytti Apolló eyrum Mídasar í asnaeyru. Mídas gat reyndar falið þetta leyndarmál fyrir öllum nema rakaranum sínum og bannaði honum að sjálfsgögðu stranglega að segja nokkrum manni frá þessu. En rakarinn stóðst ekki freistinguna, og segir sagan að hann hafi grafið holu í engi og hvíslað sögunni um asnaeyru Mídasar ofan í hana og fyllt svo holuna á ný. Síðar uxu plöntur þar upp af sem hvísluðu í vindinn svo að barst um ríkið: „Mídas konungur er með asnaeyru.“

Grísk goðsaga

Anatólía: Litla-Asía (þar sem Tyrkland er nú)

Diónýsos: hinn gríski guð vínsins, Bakkus

satýrar: fylgismenn Diónýsosar; þeir voru að hluta menn og að hluta geithafrar og þekktir fyrir fíflalæti, svall og kvennaveiðar

Verkefni

1. Hver var ósk Mídasar?
2. Hvers konar guð var Diónýsos?
3. Hvað er sérstakt við útlit satýra?
4. Hvers vegna breyttist sandurinn í ánni Paktólos í gull?
5. Hvers vegna vissi enginn annar en rakarinn um leyndarmálið?
6. Myndaðu samsett orð úr a) flauta og leikur, b) gráta og biðja, c) kona og veiði.

Agnodike

Á fjórðu öld fyrir Krist var uppi í borginni Aþenu í Grikklandi kona sem hét Agnodike. Það sem var óvenjulegt við þessa konu var að hún var læknir og virðist hafa sérhæft sig í kvenlækningum. Í Grikklandi í þá daga tíðkaðist það ekki almennt að konur lærðu slíkar menntir og máttu þær alls ekki starfa sem læknar.

Það eina sem við vitum um Agnodike þessa er fengið frá latneska höfundinum Hyginusi. Hann segir að Agnodike hafi dulbúið sig sem karlmaður til þess að geta lært hjá lækninum Herophilusi. Hvort Herophilus, kennari hennar, hafi vitað að hún væri kona er óvist, en þegar hún hóf að starfa sem læknir gerði hún það sem karlmaður.

Varð hún brátt kunn fyrir störf sín og þótti framúrskarandi læknir. Ekki voru þó allir sáttir við störf hennar og aðrir læknar kærðu hana fyrir að spilla konum og koma inn hjá þeim vafasönum hugmyndum. Var hún sek fundin og á endanum varð hún að kasta dulargervi sínu til að koma í veg fyrir að hún yrði tekin af lífi. Var hún þá í staðinn sökuð sem kona um að stunda lækningar í óleyfi. Var hún þó ekki dæmd til refsingar fyrir það, en það fylgir ekki sögunni hvort hún hafi haldið áfram að stunda lækningar.

Samkvæmt orðabókinni Wikipedia var Gaius Julius Hyginus, heimildarmaður okkar um Agnodike, uppi frá um 64 f.Kr. til ársins 17 e.Kr. Mun hann hafa verið afkastamikill höfundur á sínum tíma og skrifaði hann einkum ævisögubrot og ýmsan fróðleik.

Til marks um hvað hann var mikils metinn, þá gerði Ágústus keisari hann að yfirmanni eins af bókasöfnum sínum.



Verkefni

1. Hvar og hvenær var Agnodike uppi?
2. Í hverju menntaði Agnodike sig og hvað var óvenjulegt við það?
3. Fyrir hvað var Agnodike ásökuð?
4. Hvaðan höfum við upplýsingarnar um Agnodike og hve gamlar eru þær?
5. Hvað var Hyginus gamall þegar hann dó?
6. Hvað segir þessi stutta frásögn um stöðu kvenna á 4. öld í Aþenu?

Goðsaga úr *Snorra-Eddu*

Snorri Sturluson útskýrði skáldamálið forna, m.a. hinar svonefndu *kenningar*. Kenningarnar eru nokkurs konar gátur eða myndir sem skáldin skreyttu kvæði sín með. Þegar skáldin töluðu t.d. um *gull* áttu þau það til að nota um það kenninguna „*haddur Sifjar*“ (*haddur* = hár). Snorri skýrir þetta með því að segja okkur söguna á bak við kenninguna um hár Sifjar.

Haddur Sifjar

Loki Laufeyjarson gat verið stríðinn og hann fór oft illa með *goðin* í Ásgarði. Einu sinni klippti hann allt hárið af Sif sem var kona þrumuguðsins Þórs. Þegar Þór komst að þessu reiddist hann mjög og tók Loka og hótaði að brjóta í honum hvert bein ef hann fær ekki til svartálfa og léti þá búa til hár úr gulli handa Sif. Og ekki nóg með það: Gullhárið átti að geta gróið fast á höfuð Sifjar og vaxið eins og annað hár. Loki fór þá til svartálfa og hitti þar dvergana Ívaldasyni og þeir gerðu það sem hann bað þá um. En þeir létu ekki þar við sitja: Þeir smíðuðu líka skip sem hét Skíðblaðnir. Þetta skip gat siglt hvert sem var ef segl voru dregin upp en þegar það var ekki í notkun mátti vefja því saman og stinga í pokann sinn. Loks smíðuðu Ívaldasynir spjótið Gunnri sem Óðinn, æðsti guðinn, eignaðist síðar. Þetta spjót var þeim eiginleikum búið að það missti aldrei marks.

Loki var svo hrifinn af þessum gripum að hann trúði ekki að hægt væri að smíða neitt betra. Hann veðjaði því höfði sínu við dverg sem hét Brokkur að bróðir hans, sem Eitri hét, gæti ekki smíðað þrjá jafngóða hluti.

Eitri og Brokkur gengu nú út í *smiðju* og Eitri setti svínsskinn í eldstæðið og bað Brokk að blása í eldinn með *fýsiberg* og bað hann að hætta ekki að blása fyrr en það kæmi úr eldstæðinu sem lagt hafði verið í það. Síðan gekk Eitri út en Brokkur hélt áfram að blása. Þá settist fluga á hönd honum og kroppaði en Brokkur blés eins og áður þangað til smiðurinn kom og tók *gölt* úr eldstæðinu og var *burstin* á honum úr gulli.

Þessu næst lagði Eitri smiður gull í eldstæðið og bað bróður sinn að blása og hætta ekki fyrr en hann kæmi aftur. En þegar Eitri var genginn brott þá kom

fluga og settist á háls Brokks og kroppaði nú hálfu fastara. En hann hélt áfram að blása þangað til smiðurinn kom aftur og tók gullhring úr eldstæðinu. Hringurinn hét Draupnir.



Nú lagði Eitri járn í eldstæðið og bað bróður sinn að blása og sagði að allt yrði ónýtt ef hann hætti því. En þá settist fluga milli augnanna á honum og kroppaði í **hvarmana**. Við það féll blóð í augun á honum svo að hann sá ekki neitt. Þá greip hann hendinni sem skjótast meðan físbælgurinn þrýstist niður og strauk af sér fluguna en þá kom smiðurinn þar að og sagði að nú hefði munað litlu að illa færi. Þá tók hann hamar úr eldstæðinu. Að því búnu létt hann Brokk bróður sinn hafa alla gripina og sagði honum að fara með þá til Ásgarðs til að fá það sem veðjað hafði verið um, þ.e. höfuð Loka.

En Loki bar fram gripi sína og þóttist öruggur um sigur. Goðin settust nú á dómstóla og það voru Óðinn, Þór og Freyr sem áttu að dæma um það hvaða gripur væri bestur. Loki afhenti Óðni spjótið Gungni en Þór fékk gullna hárið handa Sif; Freyr fékk skipið Skíðblaðni.

Þá kom Brokkur með gripina sína. Hann gaf Óðni hringinn Draupni og sagði að níundu hverja nótt mundu drjúpa af honum átta hringir, jafnþungir Draupni. Göltinn Gullinbursta gaf hann Frey og sagði að hann gæti farið um loft og *lög* bæði nótt og dag, og að aldrei yrði svo dimmt af nótt eða í myrkheimum að ekki væri nóg ljós þar sem hann fór: það lýsti svo mikið af gullnu burstinni. Loks gaf Brokkur Þór hamarinn og sagði að hann mundi geta lamið með honum hvað sem fyrir væri. Og ef Þór vildi kasta honum myndi hann aldrei missa marks og alltaf myndi hann koma aftur í hönd hans. En ef ekki væri stríðsástand mætti gera hamarinn svo lítinn að geyma mætti hann í skyrtu sinni. Þetta var hamarinn Mjöllnir. Eini gallinn á honum var sá að skaftið var nokkuð stutt; það var vegna flugunnar sem truflaði Brokk, en þessi fluga var sjálfur Loki sem gat brugðið sér í alls kyns gervi.

Nú kváðu goðin upp þann dóm að hamarinn væri bestur af öllum gripum. Með honum mætti verjast jótnum og hrímpursum. Þannig vann dvergurinn Brokkur veðmálið og átti hann því að fá höfuð Loka. Loki bauðst til að borga þeim bræðrum lausnargjald til að missa ekki höfuðið en Brokkur tók það ekki í mál.

„Taktu mig þá,“ sagði Loki, en þegar Brokkur ætlaði að taka hann var hann á bak og burt því hann átti skó sem hann gat hlaupið á bæði loft og lög. Brokkur bað þá Þór að taka Loka og gerði hann það. Dvergurinn vildi þá höggva af honum höfuðið en Loki sagði að hann mætti það ekki því að hann ætti bara höfuðið en ekki hálsinn. Þá tók dvergurinn **þveng** og hníf og vildi sauma saman munninn á Loka, en hnífurinn beit ekki. Þá mælti Brokkur að betri væri **alur** bróður síns, og jafnskjótt og hann nefndi alinn var hann kominn til hans. Með honum var hægt að stinga göt á varir Loka og sauma þær saman en Loki reif upp úr götunum þannig að ekki tókst að sauma fyrir munn hans. [Loki slapp úr þessari klemmu, sennilega af því að hann gat notað munninn áfram til að beita klækjum sínum.]

Þvengurinn sem saumað var með heitir Vartari.

haddir: hár

goðin: guðirnir í Ásgarði; æsir

smiðja: staður þar sem smíðar fara fram

fýsibelgur: smiðjubelgur; nokkurs konar pumpa sem blásið er með til að glæða eld

göltur: karlsvín

burst: kambur, hár á hrygg dýra

hvarmar: augnalok

lögur: sjór, vötn

þvengur: reim úr skinni

alur: lítið tæki til að stinga með

Verkefni

1. Hvað hét kona Þórs?
2. Hverju lofaði Loki að gera fyrir Þór?
3. Hvaða hæfileikum búa dvergarnir yfir?
4. Um hvað snerist veðmál Þórs og Brokks?
5. Goðin geta skipt um ham (breytt sér í eitthvað annað). Nefndu dæmi um hamskipti í sögunni. (Vísbending: Þetta tengist Loka og flugunni!)
6. Hverjir voru dómarar í veðmálinu?
7. Hvernig fór Loki að því að sleppa við að missa höfuð sitt?
8. Hvað hét a) hringurinn b) gölturinn c) skipið d) spjótið e) hamarinn?
9. Settu þig í spor Sifjar. Lýstu tilfinningum hennar þegar hún uppgötvar að allt hárið hefur verið klippt af henni. Skrifaðu nokkrar línur.
10. Goðsögur eru óþrjótandi myndefni. Sýndu dæmi um það með því að teikna mynd sem tengist þessari sögu. Helst þyrfti að gera myndaröð þar sem hver hópur (eða hver einstaklingur) innan bekkjarins bæri ábyrgð á einni mynd og að þeim yrði þá raðað upp í réttri röð.

Þór, Hymir jötunn og Miðgarðsormur

Jötnar ógnuðu stöðugt lífi goðanna og líklega hefðu þeir útrýmt goðum og mönnum ef Þór hefði ekki átt Mjöllni, hamarinn góða. Margar sögur í *Snorra-Eddu* segja frá baráttunni við hin illu og eyðandi öfl.

Eitt sinn hélt Þór austur í Jötunheima til að hefna sín á jötnum sem höfðu leikið hann grátt skömmu áður. Hann **brá sér í gervi** ungs drengs og gekk af stað. Eitt kvöld kom hann til jötuns sem Hymir hét og gisti hjá honum um nóttina.

Morguninn eftir stóð Hymir upp og sagðist ætla að róa til fiskjar. Þór spratt þá á fætur og bað Hymi að leyfa sér að róa með honum. En Hymir sagði að lítið gagn mundi verða í honum því hann væri bæði lítill og ungur, „og munt þú krókna úr kulda ef ég fer eins langt og ég er vanur og sit lengi við veiðarnar.“ Þór reiddist við þessi orð og sagðist mundu geta róið enn lengra frá landi en Hymir, jafnvel svo langt að Hymir sjálfur mundi verða hræddur um líf sitt. Þór var svo reiður að hann langaði mest til að láta hamarinn skella á Hymi, en hann stillti sig því að hann hugsaði sér að **Láta reyna á afl sitt** síðar.

Nú spurði Þór hvað þeir ættu að hafa í beitu. Hymir sagði að Þór skyldi sjálfur ráða fram úr því. Þá gekk Þór á brott og sá hóp af **uxum** sem Hymir átti. Hann tók stærsta uxann, sem Himinhrjóður hét, og sleit af honum höfuðið og gekk með það til sjávar. Þá hafði Hymir sett skipið á flot. Þór fór um borð, **settist undir árar** og reri ákaft svo Hymi þótti nóg um. Hann kom sér fyrir framarlega á skipinu og reri einnig og sóttist því ferðin vel. Ekki leið á löngu þar til Hymir sagði að þeir væru komnir á þau **mið** sem hann var vanur að vera á; þar mætti draga **flata fiska**. En Þór sagðist vilja róa miklu lengra og tóku þeir því annan röskan róður. Þá sagði Hymir að þeir væru komnir svo langt út á haf að hætt væri við að Miðgarðsormur yrði þeirra var. En Þór vildi róa enn einn spöl og gerði það. Hymir var þá mjög ókátor.

Þegar Þór **lagði upp árarnar** tók hann upp gríðarsterkt reipi og ekki var öngullinn nein smásmíði heldur. Hann setti uxahöfuðið á öngulinn og kastaði

fyrir borð og fór beitan til botns. Miðgarðsormur beit á *agnið* og stakkst öngullinn í góminn. En þegar ormurinn varð þess var kippti hann svo fast í að hendur Þórs skullu á borðstokknum. Þá reiddist Þór og **færðist í ásmegin**. Hann sprynti svo fast við fótum að þeir fóru gegnum skipið og allt niður á sjávarbotn. Því næst dró hann orminn upp að borðstokknum. Augnaráð hans var ógurlegt þegar hann hvessti augun á orminn. Ormurinn starði á móti og blés eitri.

Við þessa sýn fölnaði Hymir jötunn af hræðslu enda féll nú sjór inn í skipið. En í því bili er Þór greip hamarinn og færði á loft þá brá Hymir beituhnífnum á reipið **í fáti** og skar það í sundur við borðstokkinn; við það hvarf ormurinn í sjóinn. En Þór kastaði hamrinum á eftir honum og sumir segja að hann hafi mölvað haus hans við sjávarbotninn. Aðrir halda þó að Miðgarðsormur sé enn á lífi og liggi í sjónum, hringi sig utan um löndin og bíti í sporð sér. En af Hymi er það að segja að Þór veitti honum hnefahögg við eyrað svo hann steyptist í sjóinn og sá í iljar honum. Eftir það óð Þór til lands.

Úr Snorra-Eddu

brá sér í gervi ungs drengs: breytti sér í ungan dreng (hér er um einhvers konar hamskipti að ræða)

láta reyna á afl sitt: sýna hve sterkur hann er

uxi: naut

setjast undir árar: búa sig undir að róa

mið: fiskimið

flatir fiskar: flatfiskur, t.d. lúða eða koli

leggja upp árar: hætta að róa

agn: beita

færast í ásmegin: verða ákaflaga sterkur

í fáti: í óðagoti

Verkefni

1. Hvers vegna fór Þór til Jötunheima?
2. Hvað hét jötunninn sem Þór heimsótti?
3. Hvers vegna vildi jötunninn ekki taka Þór með sér í róður?
4. Hvað notaði Þór í beitu?
5. Hver beit á agnið?
6. Hvað varð um Hymi jötun?
7. Hvað bendir til þess að Þór hafi verið mjög stórvaxinn eftir að hann færðist í ásmegin?
8. Heldur þú að Þór hafi drepið Miðgarðsorm?
9. Hvað er merkilegt við ferð Þórs að landi?
10. Bentu á andstæður í sögunni (dæmi: *lítill – stór*).
11. Beygðu orðið *jötunn* í öllum föllum et. og ft. með greini.
12. Guðirnir (æsirnir) voru hræddir um að jötnar myndu eyða þeim. Skrifaðu örfáar línur um þær hættur sem steðja að okkur núna. Við hvað eru nútímamenn helst hræddir?

Þales frá Míletos

Grikkinn Þales var fyrsti heimspekingurinn á Vesturlöndum og bjó hann í verslunarborginni miklu, Míletos í Litlu-Asíu, eins og eftirmenn hans. Hann var líklega á fertugsaldri í kringum 585 fyrir Kristi burð, eða fyrir næstum 2600 árum. Þales er kallaður fyrsti heimspekingurinn því hann er sá fyrsti (sem vitað er um) sem setti fram heimspekilegar hugmyndir um veröldina. Á þessum tíma var enginn greinarmunur gerður á heimspeki og vísindum, enda lagði Þales stund á stærðfræði, verkfræði og stjörnufræði og einnig var hann mjög virkur í stjórnmálum.

Fyrstu heimspekingarnir voru allir uppteknir af því sem á forn-grísku kallast *arkí* og merkir „frumuppsprettu“ eða „meginlögmál“. Þá langaði að finna svar við spurningunni: Hver er frumuppsprettu eða *arkí* heimsins? Þales taldi hana vera *vatn*. Þetta þýðir ekki að allt sé úr vatni, heldur að allt megi með einum eða öðrum hætti rekja aftur til vatns. Vatn er sem sagt grundvallarefni veruleikans og án vatns væri ekkert til. Það hljómar kannski hálfeinfeldningslega að segja að allt megi rekja til vatns. En hugsum okkur, til dæmis, að sandur gæti ekki verið til án vatnsins sem smám saman mylur grjótið, og án vatns væri vissulega ekkert líf til. Þannig hefur Þales í vissum skilningi rétt fyrir sér, því án lífs væri enginn eða ekkert til sem myndi skynja og hafa reynslu af því sem er til.

Samlandar Þalesar gerðu oft grín að honum fyrir að velta fyrir sér hlutum sem þeim sýndist lítið eða ekkert gagn að. Einu sinni var Þales svo upptekinn af því að virða fyrir sér stjörnurnar á meðan hann var í gönguferð að hann datt ofan í djúpan brunn. Þvottakona nokkur, sem var vitni að slysinu, stríddi honum og sagði hann svo háfleygan og upptekinn af því sem er fjarlægt að hann kæmi ekki auga á það sem væri beint fyrir framan nefið á honum.

En þales reyndist alls ekki svo óhagnýtur í hugsun. Hann langaði nú að sanna fyrir löndum sínum að ef hann bara vildi gæti hann auðveldlega orðið ríkur af rannsóknum sínum. Eftir að hafa rannsakað himinhvolfið og veðurfarsbreytingar tókst honum að sjá fyrir að ólífurækt yrði með eindæmum góð á komandi uppskerutíma í Grikklandi. Þá keypti hann samstundis meirihlutann af ólífupressunum á góðu verði. Þegar ólifuuppskeran hófst, sem reyndist sérstaklega góð eins og þales hafði séð fyrir, var mikil eftirspurn eftir ólífupressum og þá leigði hann þær út á háu verði og græddi stórfé.

Þannig er heimspeki oft mjög gagnleg, enda þótt maður komi ekki alltaf auga á það í fyrstu. Oft þarf að fara langar krókaleiðir til að skilja það sem er í okkar nánasta umhverfi. Á vissan hátt má því segja að þegar allt kemur til alls hafi það verið samlandar þalesar og þvottakonan sem ekki komu auga á það sem var beint fyrir framan nefið á þeim.

Verkefni

1. Á hvaða öld var þales uppi?
2. Nefndu að minnsta kosti tvær vísindagreinar sem þales fékkst við.
3. Hver var að álti þalesar frumuppsretta heimsins?
4. Hvað var þales að gera þegar hann féll í brunninn?
5. Hvernig fór þales að því að græða stórfé?

Demeter og Persefóna

Meðal Forn-Grikkja var Demeter gyðja jarðargróðurs, einkum ávaxta og korns. Hún var systir Heru, konu Seifs. Með Seifi átti Demeter dótturina Persefónu og var hún eina barnið hennar. Persefóna ólst upp með hálfssystrum sínum, Aþenu og Artemis, og átti áhyggjulausa æsku og ekki hugsaði hún sér að giftast þegar hún yrði stór. En Hades föðurbróðir hennar, konungur undirheimanna, varð ástfanginn af henni og honum tókst, með hjálp Seifs, að ná henni á sitt vald þar sem hún var í mesta sakleysi að tína liljur með dísum sínum. Jörðin opnaðist einfaldlega og Hades birtist og dró hana með sér til undirheima.

Demeter fór strax að leita dóttur sinnar því hún hafði heyrt neyðaróp hennar. Hún leitaði um alla jörð í níu daga og níu nætur með blys í hendi og án þess að neyta vatns eða matar; og ekki skipti hún heldur um fót eða baðaði sig. Á tíunda degi mætti hún gyðju mánaskinsins, Hekötum, sem einnig hafði heyrt hrópin í Persefónu; en ekki þekkti hún þann sem tók hana enda var andlit hans hulið skugga næturinnar. Það var einungis sólguðinn Helíos, sá sem allt sér, sem gat sagt Demeter allan sannleikann. Demeter ákvað þá að snúa ekki aftur til himna, heldur dvelja á jörðinni og hætta öllum guðlegum skyldustörfum uns dóttirin fyndist. Hún klæddist fótum gamallar konu og hélt af stað.

Á leið sinni mætti hún nokkrum gömlum konum og ein þeirra gat fengið hana til að brosa að skemmtisögum sínum. Hún gekk í þjónustu drottningar nokkurrar og var fengin til að gæta barns hennar. Hún ætlaði að gera barnið ódauðlegt en móðirin truflaði hana í þeirri aðgerð.

Sú ákvörðun Demeter að yfirgefa veröld guðanna en dvelja þess í stað á jörðinni varð til þess að jörðin tók að visna og skrælna og öllum gróðri var ógnað. Af þeirri ástæðu skarst Seifur í leikinn og skipaði Hadesi bróður sínum að skila Persefónu. En það reyndist ekki lengur mögulegt því að Persefóna, sem

ekkert hafði matast í undirheimum, freistaðist loks til að borða nokkra steina úr granatepli. Það var að undirlagi sjálfss Hadesar að hún féll í þessa freistni, en hann vissi að steinarnir höfðu þá töfranáttúru að geta bundið hana í undirheimum um eilífð. Þrátt fyrir þetta náðist að lokum samkomulag sem fólst í því að Demeter kæmi aftur til guðanna á Ólympsfjalli og Persefóna losnaði úr undirheimum hluta úr ári. Þess vegna er það að gróðurinn vaknar á hverju vori þegar Persefóna lonsar frá Hadesi. En þegar hún hverfur þangað aftur sölnar gróðurinn á ný og veturninn skellur á.

Grísk goðsaga

Verkefni

1. Hver var faðir Aþenu og Artemis? (Þú átt að geta lesið það út úr sögunni.)
2. Hvað gerðist eftir að Demeter ákvað að snúa ekki aftur til himna?
3. Hvaða áhrif höfðu steinarnir úr granateplinu?
4. Á hvaða árstíma lonsar Persefóna úr undirheimum?
5. Rökstyddu þá fullyrðingu að sagan af Demeter og Persefónu eigi að skýra þann mun sem er á sumri og vetri.
6. Bentu á nokkur atriði í sögunni sem minna á söguna af Rauðhettu. Að hvaða leyti er endir sagnanna af Rauðhettu og Persefónu ólíkur? Hafðu í því sambandi í huga að ævintýri enda gjarnan vel en goðsögur enda oft fremur illa.
7. Hades og Persefóna voru hjón. En hvernig voru þau skyld?!
8. Myndaðu málsgrein þar sem sagnirnar *neyta* og *neita* koma fyrir.

Atli Húnakonungur og storkarnir

Atli Húnakonungur (Attila) gerði mikinn usla í Evrópu á 5. öld og lagði undir sig stór landsvæði í miðri álfunni eftir að Húnar höfðu ruðst inn í Evrópu austan úr Asíu. Í eddukvæðum okkar er sagt frá Atla og grimmd hans þegar hann lét skera hjartað úr mági sínum Höagna og setja bróður hans, Gunnar Gjúkason, í ormagryfju þegar þeir komu í heimsókn til hans. Í eftirfarandi sögu, sem ættuð er frá Þýskalandi, er sýnt dæmi um herkænsku Atla Húnakonungs.

Herlið Atla Húnakonungs hafði setið lengi um borgina **Aquileja** þar sem Rómverjar vörðust honum af hörku. Þreyta fór að gera vart við sig í liðinu og hermennirnir urðu úrillir og vildu hætta umsátrinu og hafa sig á brott. Atli fór þá sjálfur að ókyrrast og vissi varla lengur hvort hann ætti að létta umsátrinu eða þráast við og halda áfram að þarma að Rómverjum. Hann gekk nú meðfram borgarmúrunum í hálfgerðri örvaentingu. Þá sá hann hvíta fugla, sem höfðu átt hreiður á húsþökunum, fljúga með unga sína á brott úr borginni. Þetta voru storkar. Þessi hegðun storkanna var alveg óvænt og kom hún mjög flatt upp á Atla konung. En hann hélt í skyndingu til manna sinna og sagði: „Lítið á þessa fulga sem sjá fram í tímann. Nú yfirgefa þeir borgina sem senn mun falla og húsin þar hrynda!“ Þá fylltust hermennirnir nýju áræði og nýjum krafti. Þeir smíðuðu tæki og múnbrjóta og réðust til atlögu. Borgin fell og stóð brátt í ljósum logum. Að lokum stóð þar ekki steinn yfir steini og varla nokkur merki um að þar hefði verið borg.

Þýskar þjóðsögur úr safni Grimmsbræðra

Aquileja: borg á Ítalíu, við Adriahaf

Verkefni

- Á hvaða öld var Atli Húnakonungur við völd?
- Hvernig fór Atli með mága sína Höagna og Gunnar Gjúkasyni?
- Hvað varð til þess að Atla tókst loks að vinna borgina Aquileja?

Ödipus

Ödipus var sonur Laiusar konungs í **þebu** í Boötíu (í Grikklandi) og konu hans Jóköstu. Ógæfa þessa fólks hófst með því að Laius níddist á syni gestgjafa síns en Laius var þá á flóttu undan óvinum sínum. Á leiðinni heim til þebu kynntist hann Jóköstu og gekk að eiga hana. Stuttu síðar sagði **véfréttin í Delfí** honum að ef kona hans eignaðist son með honum mundi sá sonur verða honum að bana. Þegar síðan Jókasta eignaðist son tók Laius drenginn og stakk járnbroddi gegnum fætur hans og skildi hann eftir uppi á fjalli einu. En smali nokkur frá þebu sem þarna var staddur ákvað að bjarga drengnum og gat komið honum í hendur smala frá **Korintu** sem fór með hann til konungsins Polybusar. Sá konungur var barnlaus og hann ákvað að ættleiða drenginn og gaf honum nafnið Ödipus (orðið þýðir sama og bólginna fótur).

Eftir að Ödipus var vaxinn úr grasi fór hann eitt sinn á skemmtun þar sem einhver fór að gera lítið úr honum með því að segja að hann væri ekki sonur konungsins, heldur **af kotungakyni**. Þegar Ödipus leit í kringum sig og sá hræðsluna á andlitum fólksins fór hann að gruna að hann hefði ekki fengið að vita sannleikann um uppruna sinn. Því var það að hann fór og spurði véfréttina í Delfí.

Í stað þess að gefa skýrt svar sagði röddin: „Ödipus, gættu þín. Þú ert dæmdur til að drepa föður þinn og giftast móður þinni og orsaka hrún og eyðileggingu ættborgar þinnar!“ Ödipusi brá mikið við þessa frétt og hann ákvað að yfirgefa ættborg sína því að hann var sannfærður um að átt væri við konungshjónin í Korintu sem hann vildi á engan hátt valda skaða. Hann treysti sér ekki einu sinni til að fara og kveðja þau heldur hélt af stað fótgangandi og einn síns liðs til að leita gæfunnar annars staðar. Hann var afar bitur yfir ógæfu sinni og hinni grimmu örlagagyðju sem honum hafði verið kennt að virða. Hann taldi víst að véfréttin hefði flutt honum orð hennar.

Eftir margra daga dapurlegt ferðalag kom Ödipus að vegamótum þar sem hann mætti gömlum manni í vagni, en á undan gekk sendiboði sem sagði

honum að víkja úr vegi fyrir höfðingja sínum. En af því að Ödipus hafði verið alinn upp sem prins var hann vanari því að aðrir vikju úr vegi fyrir honum. Þess vegna neitaði hann að víkja. Þá lyfti sendiboðinn priki sínu og ætlaði að berja hann. En Ödipus brá sverði og felldi sendiboðann.

Nú kom gamli maðurinn út úr vagninum og sá hvað hafði gerst. Hann réðst að Ödipusi. Ödipus hafði ekki hugmynd um að þessi maður var enginn annar en Laius faðir hans sem hafði skilið hann eftir á fjallinu forðum. Hann réðst að gamla manninum og drap hann. Þessu næst felldi hann allt fylgdarlið Laiusar og hélt síðan áfram göngu sinni án þess að gera sér grein fyrir að fyrsti hluti véfréttarinnar var nú kominn fram.

Stuttu eftir þetta kom Ödipus til Þebu. Þar var fjöldi fólks úti á götunum í mikilli örvæntingu og komst Ödipus að því að hræðileg ófreskja, kölluð Sfinx, hefði komið sér fyrir á aðalstræti borgarinnar og hleypti engum framhjá sér sem ekki gæti svarað spurningu hennar. Þessi óvættur var með kvenhöfuð en ljónsbúk og arnarvængi. Og þar sem hún át alla þá sem ekki gátu svarað spurningu hennar var fólkið auðvitað skelfingu lostið.

Margir höfðu þegar látið lífið því enda þótt hraustustu menn hefðu komið til að **vinna á** ófreskjunni höfðu þeir sjálfir fallið. Það var vegna þess að enginn þeirra gat ráðið gátu hennar.

Laius konungur hafði vonast til að fá að vita svar við gátunni hjá véfréttinni í Delfí og því hafði hann lagt af stað þangað í vagni sínum. Nú varð fólkið enn örvæntingarfyllra en áður því að sú frétt barst til borgarinnar að ræningjar hefðu drepið kónginn og þjónustufólk hans og búkarnir hefðu legið á götunni.

Ödipus veitti fréttinni enga sérstaka athygli því að hann grunaði ekki að gamli maðurinn sem hann hafði drepið væri hinn elskaði kóngur. Aftur á móti var hann afar forvitinn um söguna af Sfinxinni, og hann var handviss um að hann gæti ráðið gátuna. Hann hélt því beint til móts við ófreskjuna. Hún lagði fyrir hann eftifarandi gátu: „Hvaða skepna gengur á fjórum fótum á morgnana, tveimur um hádegi og þremur á kvöldin?“

Eftir stutta stund og mikla umhugsun svaraði Ödipus að sú skepna væri

maðurinn. „Af því að maðurinn,“ sagði hann, „skríður á fjórum fótum á morgni lífs síns, það er í bernsku sinni. Um hádegisbilið, eða á sínum **manndómsárum**, gengur hann uppréttur. En á kvöldin, eða í elli sinni, styður hann sig við staf.“

Gáta Sfinxinnar var nú ráðin, og þá reyndi hún að flýja á braut því hún vissi að nú væru kraftar hennar á þrotum. En Ödipus stöðvaði hana, dró sverð sitt úr slíðrum og þvingaði hana til að hopa uns hún féll niður mikið þverhnípi og lenti á hvössu grjóti og splundraðist í tætlur.

Nú höfðu íbúar ríkisins Boötíu losnað við Sfinxina, og þegar Þebubúar heyrðu það fögnuðu þeir Ödipusi ákaft. Og í þakkarskyni fyrir afrekið gáfu þeir honum ekki aðeins konungdæmið heldur einnig drottninguna sem var nýlega orðin ekkja. Þannig rættist önnur spásogn véfréttarinnar þó Ödipus sjálfum væri það ekki ljóst að hann væri nú að ganga að eiga móður sína.

Nú liðu allmög ár og Ödipus stjórnaði ríki sínu af svo mikilli visku að allir elskuðu hann heitt og leituðu ráða hjá honum um öll sín vandamál. En loks kom að því að hinir góðu tímar væru á enda því að voðaleg plága barst til borgarinnar og varð fjölda manns að bana. Hvers kyns lækningameðul voru reynd en án árangurs og allir guðirnir voru beðnir um hjálp. Í örvæntingu sinni sendi Ödipus mann til Delfí til að spryja véfréttina hvernig stöðva mætti pláguna. Véfréttin gaf alveg skýrt svar: einungis væri hægt að hefta útbreiðslu plágunnar ef morðingi Laiusar konungs fyndist og honum yrði refsað.

Nú var farið að rannsaka málið í fyrsta sinn og þá kom í ljós að Ödipus væri sá sem drepið hefði konunginn. Jafnframt játaði fjárhirðirinn að hann hefði orðið vitni að atburðunum á fjallinu og farið með barnið til Korintu þar sem konungurinn Polybus hefði ættleitt það.

Þegar Ödipus heyrði þetta varð hann viti sínu fjær af örvæntingu því nú komst hann að því að hann hefði ekki aðeins drepið föður sinn og gifst móður sinni, heldur væri það líka hans sök að plágan hefði deytt svo marga íbúa Þebu.

Yfirbuguð af hryllingi og sorg tók Jókasta drottning nú eigið líf. Þegar Ödipus frétti að hún væri látin fór hann inn í herbergið þar sem hún lá og tók einn af krókunum sem festu saman kjól hennar og krækta með honum úr sér augun;

hann sagði að úr því þau (þ.e. augun) hefðu séð svona hræðilega sjón skyldu þau aldrei aftur líta dagsins ljós.

Til að losa borgarbúa við sína bölvuðu persónu og freista þess um leið að bjarga borginni frá eyðileggingu sem yfir vofði bölvaði Ödipus sjálfum sér og reikaði brott, blindur og allslaus.

Peba: höfuðborgin í Boötíu í Grikklandi

véfréttin í Delfí: goðsvar sem hofgyðja Appolons veitti þeim sem fórnir færðu og spurðu spruninga. Oft var goðsvarið tvírætt eða óljóst. Delfí var helgistaður í suðurhlíðum Parnassosfjalls, ekki langt frá Korintu og Þebu.

Korinta: borg í Grikklandi á mónum Attiku og Peloponnes

af kotungakyni: af lágum stigum, af ómerkilegu ætterni (*kotungur*: kotkarl, almúgamaður, fátækur og lítilsigldur bóndi)

vinna á (einhverjum): drepa (einhvern)

manndómsár: fullorðinsár

Verkefni

1. Hvað merkir orðið *ödípus*? Hvernig stendur á að Ödipus hét þessu nafni?
2. Hvar var Ödipus alinn upp?
3. Á hvaða ferðalagi var faðir Ödipusar þegar Ödipus drap hann?
4. Nefndu þrenns konar ógæfu sem Ödipus orsakaði.
5. Hvernig stóð á því að sannleikinn um harmsögu fjölskyldunnar kom í ljós?
6. Hvernig refsaði Ödipus sjálfum sér?

Pýramus og Pisba

Pýramus og Pisba áttu heima í Babylón. Þau elskuðu hvort annað en foreldrar þeirra bönnuðu þeim að hittast. Þau gátu einungis horft hvort á annað gegnum rifu á vegg sem aðskildi húsin þar sem þau bjuggu. En þau ákváðu að laumast út eina nótt og hittast við gröf konungsins Ninusar, rétt utan við borgina. Þar óx mórberjatré við fallega lind.

Pisba kom á undan að gröfinni. Þá sá hún allt í einu ljónynju sem kom til að drekka úr lindinni. Pisba flúði en á flóttanum missti hún slæðuna sína. Ljónynjan reif slæðuna í tætlur með blóðugum kjafti sínum – því hún var nýbúin að éta bráð sína – og hvarf síðan á brott.

Rétt á eftir kom Pýramus, og þegar hann sá blóðuga slæðuna ímyndaði hann sér strax að blóðþyrst villidýr hefði rifið Pisbu í sig. Án þess að hika rak Pýramus sig í gegn með eigin sverði. En þá birtist Pisba og fann elskhuga sinn dauðan. Hún brást þannig við að hún stytti sér aldur með sverði hans.

Ber mórberjatrésins, sem fram að þessu höfðu verið hvít, urðu nú rauð eftir að blóð elskendanna hafði sprautast á þau.

Askan af Pýramusi og Pisbu var sett í sama ker og þannig sameinuðust þau í dauðanum.

Verkefni

1. Hvers vegna rak Pýramus sig í gegn?
2. Hvernig náðu elskendurnir saman?
3. Nefndu tvö eða þrjú orðasambönd sem merkja að stytta sér aldur.

Arion og höfrungurinn

Einu sinni fyrir langa löngu bjó í borginni Korintu á Grikklandi framúrskarandi tónlistarmaður sem hét Arion. Enginn annar gat leikið jafn vel á *lyru* eða sungið eins fallega og hann. Og lögin sem hann samdi voru þekkt í mörgum löndum. Konungurinn í Korintuborg var vinur Arions og íbúarnir þreyttust aldrei á að lofa hæfileika hans.

Eitt sumar hélt Arion yfir hafið til Ítalíu, enda var hann vel þekktur þar og margir sem þráðu að heyra hann leika og syngja. Hann heimsótti fjölda borga og alls staðar var honum vel tekið og vel launað fyrir tónlist sína. Þegar hann hafði þannig safnað miklum auði ákvað hann að halda aftur heim. Í höfninni lá ferðbúið skip sem var á leið til Korintu, og skipstjórinn þar bauð honum far.

Fljótlega eftir að lagt var af stað fór að þykkna í lofti og sjór að gerast úfinn. Og nú hraktist skipið um Miðjarðarhafið og hvergi sást til lands svo dögum skipti. En verra var það að **áhöfnin** samanstóð af ruddum og alls kyns **óþjóðalyð**. Jafnvel sjálfur skipstjórinn hafði áður fyrr verið ræningi.

Þegar sjómennirnir komust að því, að Arion væri með mikið fé í farangri sínum fóru þeir að leggja á ráðin um hvernig þeir gætu náð undir sig því fé. „Ég legg til að við fleygjum honum fyrir borð,“ sagði skipstjórinn. „Þannig getur hann ekki sakað okkur um stuldinn síðar.“

En Arion heyrði óvart á tal þeirra og sagði við þá: „Þið megið fá allan minn auð, bara ef þið leyfið mér að lifa.“ En þeir hlustuðu ekki á hann. Þeir voru ákveðnir í að hann yrði að deyja svo að hann yrði ekki til frásagnar. Þeir vissu sem var að hann var vinur konungsins og ef konungurinn frétti hvað þeir hefðu gert yrði þeim refsað grimmilega. Þeir sögðu því við Arion: „Þú hefur um two kosti að velja. Annað hvort stekkur þú fyrir borð eða við dreppum þig með þínu eigin sverði. Hvort viltu heldur?“

„Ég vil heldur stökkva fyrir borð,“ svaraði Arion, „en ég bið ykkur að veita

mér eina ósk áður.“

„Og hver er hún?“ spurði skipstjórinn.

„Leyfið mér að syngja fyrir ykkur nýjasta og besta lagið mitt. Um leið og ég hef lokið því skal ég stökkva í sjóinn.

Sjómennirnir voru fúsir að leyfa honum þetta, enda voru þeir áfjáðir í að heyra hann, sem var þekktur víða um lönd, leika listir sínar. Arion klæddist sínum bestu fötum og tók sér stöðu fremst á þilfarinu, en sjómennirnir stóðu í hálfhring fyrir framan hann og hlustuðu.



Aldrei hafði Arion sungið eða spilað jafn vel. Það var eins og vitneskjan um að þetta yrðu hans síðustu tónleikar efldu hann og færðu honum einhverja viðbótartöfra sem endurómuðu í söng hans. Og aldrei höfðu þessir óhefluðu sjómenn, þessir **ótíndu þorparar**, heyrt annað eins. Mátti víða sjá tár á hvörmum þar sem þeir stóðu dolfallnir og hlustuðu á.

Hvernig gátu þeir látið slíkan mann stökkva út í opinn dauðann? Það mátti sjá á andlitum þeirra að þeir vildu ekki hafa slíkt á samviskunni, og nú voru þeir reiðubúnir að gefa Arion líf. En hann var sneggri en þeir áttu von á því hann hafði varla lokið síðasta tóninum þegar hann stökk í ólgandi hafið. Ódæðismönnunum brá í brún en það kom þó ekki í veg fyrir að þeir skiptu

eigum Arions bróðurlega á milli sín.

Skömmu síðar komust sjófarendurnir heilu og höldnu til hafnar í Korintuborg. Þegar konungur frétti það sendi hann áhöfninni boð um að mæta til hallarinnar. Með **ugg** í brjósti og slæma samvisku héldu þessir óbótamenn til hallarinnar. Þegar þangað var komið spurði konungurinn þá hvort þeir væru nýkomnir frá Ítalíu og svöruðu þeir því játandi.

„Hvaða fréttir færið þið mér af vini mínum Arioni, hinum mikla tónlistarmanni?“

„Hann var við góða heilsu þegar við héldum frá Ítalíu,“ svöruðu sjómennirnir. „Okkur skildist að hann ætlaði jafnvel að setjast þar að og eyða ævinni þar.“

Þeir höfðu vart sleppt orðinu þegar dyrum til hliðar við þá var **lokið upp**, og inn í salinn gekk sjálfur Arion. Hann var klæddur eins og þegar þeir sáu hann stökkva fyrir borð á skipinu. Þeir trúðu vart sínum eigin augum. Þetta gat ekki verið Arion; þeir höfðu sjálfir séð hann fara í sjóinn. Þetta hlaut að vera afturganga hans. Nei, þetta var engin afturganga! Þeir féllu á kné fyrir kónginum, viðurkenndu glæp sinn og báðu sér griða.

En hvernig mátti það vera að Arion væri þarna kominn? Gamlar sögur segja að höfrungur, sem hafði verið á sundi nærri skipinu, hefði heillast svo af tónlist Arions, að hann hefði synt undir hann og farið með hann rakleitt til Korintuborgar. Mun Arion hafa sagt konunginum vini sínum þetta en hann ekki trúði honum. Þess vegna hafði konungurinn ákveðið að kalla áhöfn skipsins á sinn fund strax og það kæmi að landi.

Aðrir segja að höfrungurinn sem bjargaði Arion hafi ekki verið venjulegur höfrungur, heldur skip sem bar nafnið Höfrungur. Þeir segja að Arion, sem var góður sundmaður, hafi getað haldið sér á floti þangað til hann sá skip álengdar og áhöfnin þar náð að bjarga honum. Það verður hver og einn að trúá því sem hann vill í því efni.

En skipverjarnir voru krossfestir fyrir glæp sinn.

lýra: hljóðfæri, e.k. harpa

áhöfn: starfsmenn á skipi

óþjóðalýður: skríll, illþýði, þrjótar, óbótamenn

ótíndur þorpari: hreinn og réttnefndur þorpari (**þorpari:** þrjótur)

uggur: hræðsla, ótti

Ijúka upp: opna

Verkefni

1. Hvar er borgin Korinta?
2. Hvaða hæfileikum var Arion gæddur?
3. Hvers vegna vildu ræningjarnir drepa Arion?
4. Bendir eitthvað til þess að ræningjarnir hafi kunnað að meta list Arions?
Rösktyddu svarið.
5. Tvær skýringar eru nefndar í sögunni á björgun Arions. Hvor þeirra finnst þér sennilegri?
6. Þekkir þú fyrirtæki á Íslandi sem ber nafn Arions?
7. Nefndu tvö orð sem hafa sömu eða svipaða merkingu og *þorpari*.
8. Botnaðu þennan málshátt: Upp koma sv...

Hugprúði drengurinn í Spörtu

Í Spörtu á Grikklandi hinu forna voru gráðug og óhlýðin börn fyrirlitin. Drengir voru þjálfaðir í því að hlýða hverju orði, hver sem skipunin var, og þeir fengu lítið að borða og áttu aðeins að borða venjulegan mat.

En þó einkennilegt megi virðast fengu spartverskir drengir þjálfun í að stela. Þeim var hrósað ef þeim tókst að gera það, svo framarlega sem það komst ekki upp. En þeim var refsað ef þeir voru staðnir að verki. Ástæðan fyrir þessari sérkennilegu venju var þessi: Oft lento Spartverjar í stríði, og af því að engir birgðavagnar fylgdu herliðinu og enginn hafði það hlutverk að veita hermönnunum fæðu, voru þeir algerlega háðir því að útvega sér hana sjálfir á ferðum sínum.

Hvenær sem herlið birtist þá faldi fólkioð ekki aðeins fjármuni sína heldur einnig mat sinn. Og ef Spartverjar hefðu ekki fengið þjálfun í að stela, hefðu þeir oft þurft að þjást af hungri í herleiðöngrum sínum.

Kennrarar leyfðu drengjunum aldrei að vera með ljós þótt þeir sendu þá út um miðja nótt. Þeir urðu því að bjarga sér eftir því sem þeir best gátu.

Einu sinni á ári var farið með drengina í Díönuhofið þar sem látið var reyna á hugrekki þeirra með ferlegum svipuhöggi. Þeir sem stóðust raunina án þess að fella tár eða kveinka sér fengu mikið hrós. Þessir ungu Spartverjar voru svo æstir í að vera álitnir hugrakkir að sumir þeirra létu fremur hýða sig til dauða en mæla eitt umkvörtunarorð.

Hugprýði eins drengs var svo stórkostleg að þess er getið í flestum grískum sögubókum. Þessi drengur hafði stolið ref og falið undir kápu sinni á leiðinni í skólann.

Nú fór refurinn að reyna að komst úr *prísundinni*, og hann nagaði sig inn í brjóstholið á drengnum og tætti hold hans með sínum beittu klóm. Þrátt fyrir þetta sat drengurinn kyrr uns refurinn hafði gengið af honum dauðum.

Það var ekki fyrr en drengurinn hafði fallið örendur á gólfíð að kennarinn sá refinn og áttaði sig á hvernig hann hafði rifið búk hans í tætlur. Alla tíð síðan er talað um drengi sem litla Spartverja ef þeir standast sársauka án þess að kvarta og vola.

Til að tryggja að drengir hegðuðu sér vel undir öllum kringumstæðum var þeim aldrei leyft að tala nema þeir væru ávarpaðir, og þá var ætlast til þess að svör þeirra væru eins stutt og nákvæm og mögulegt væri.

Þessi venja, þar sem mikið var sagt í fáum orðum, var svo algeng í allri **Lakóníu** að hún er enn þekkt sem lakónískur stíll.

Til að þjálfa drengina í þessari samræðutegund prófuðu kennarar þá daglega með því að spyrja þá alls kyns óvæntra spurninga. Drengirnir urðu að svara strax, og vera stuttorðir og jafnframt gagnorðir. Ef þeim tókst það ekki var litið á slíkt sem mikla háðung.



Þessar daglegu yfirheyrlur áttu að skerpa á hugsuninni, styrkja minnið og vera nokkurs konar kennslustund í að taka skjótar og nákvæmar ákvarðanir.

Spartverskum æskumönum var enn fremur kennt að umgangast fullorðna með mestu virðingu. Það hlýtur að hafa verið falleg sjón þegar drengir heilsuðu gömlu fólki kurteislega og viku jafnvel úr vegi fyrir því þar sem þeir voru að leika sér á götum úti.

Til að styrkja vöðvana voru drengirnir látnir æfa íþróttir af kappi. Þeir lærðu að beita vopnum, kasta þungum hlutum, glíma, hlaupa, synda, stökkva og ríða hestum. Þannig sérhæfðust þeir í fjölmörgu sem styrkti þá og stuðlaði að virkni og vellíðan.

prísund: kvalastaður, fangelsi (sbr. enska orðið prison)

Lakónía: landsvæðið í kringum Spörtu á suðaustanverðum

Peloponnesskaganum

Verkefni

1. Hver er ástæðan fyrir því að spartverskir drengir fengu þjálfun í að stela?
2. Nefndu dæmi um að drengir hafi láttist af því að þeir vildu ekki vera álitnir huglausir.
3. Hvað er „lakónískur stíll“?
4. Bentu á eitthvað í skólakerfi og kennsluefnin okkar sem á sér hliðstæðu í Spörtu hinni fornu. Nefndu líka eitthvað sem er ólíkt.



Hafrar Þórs

Eitt sinn fór Þór í ferð á kerru sinni sem hafrar hans drógu. Loki var með honum í för. Þeir komu um kvöld til bónða nokkurs sem bauð þeim gistingu. Þór tók þá báða hafra sína og skar þá á háls. Eftir það voru þeir **flegnir** og kjötið síðan soðið. Það var sest að kvöldverði og Þór bauð bón danum, konu hans og börnum að borða með sér og Loka. Sonur bón dans hét **Þjálfi** en dóttirin **Röskva**.

Þór lagði hafursskinnin fyrir framan eldinn og sagði bón danum og fjölskyldu hans að þau skyldu kasta beinunum á skinnin að mál tíð lokinni. Þjálfi hélt á lærlegg annars hafursins og **braut hann til mergjar**.

Eldsnemma um morguninn stóð Þór upp og klæddi sig, tók hamarinn Mjöllni og brá honum á loft og **vígði** hafursskinnin. Þá stóðu hafrarnir upp en annar þeirra var haltur á öðrum afturfætinum. Þór veitti þessu eftirtekt og taldi að bón dinn eða einhver úr fjölskyldu hans hefði ekki farið skynsam lega með bein hafursins. Og nú sér hann að lærleggurinn er brotinn. Þór létt síga brýnnar niður fyrir augu og ekki þarf að taka það fram að bón dinn varð of sahræddur. Það lá við að augnaráðið eitt mundi drepa hann. Þór kreppti hendurnar að hamarsskaftinu svo að hnúarnir hvítnuðu. Þá kallaði bón dinn upp og bað sér og fjölskyldu sinni vægðar og bauðst til að bæta fyrir þessi mistök með því að gefa Þór allar eigur sínar.

En þegar Þór sát hvað fólkið varð hrætt þá **gekk af honum móðurinn**. Hann ákvað að sættast við þau hjón með því skilyrði að hann fengi börn þeirra, þau Þjálfa og Röskvu, sem þjónustufólk. Þau fylgdu honum alla tíð síðan.

hafrarnir voru flegnir: skinnið var tekið af þeim. Sögnin er **flá** í nafnhætti og getur beygst bæði veikt og sterkt: **flá – fló – flógum – flegið**; eða **flá – fláði – fláð**.

Pjálfi og Röskva: nöfn systkinanna benda til að þau hafi verið skjót í hreyfingum (rösk og vel þjálfuð).

brjóta til mergjar: brjóta bein til að ná mergnum úr því (**mergur**: mjúk fita í holrými beins)

vígja: helga, lýsa helgi yfir (þetta er heilög athöfn: Þór lífgar hafrana við)

gekk af honum móðurinn: hann róaðist, sefaðist

Verkefni

1. Hvað hétu börn bónadans?
2. Hvers vegna var annar hafurinn haltur á afturfæti?
3. Hvað fékk Þór í skaðabætur þegar í ljós kom að annar hafurinn var haltur?
4. Í framhaldi af frásögninni um hafrana og kjötið af þeim: Hvernig væri heimurinn ef við þyrftum ekki að hafa neitt fyrir því að afla okkur matar?
5. Hvað getur þú sagt um skapgerð Þórs?
6. Myndaðu málsgrein þar sem orðin *skildi* og *skyldi* koma fyrir.

Spakmæli Epikets

Epiket var einn af spekingum fornaldar. Hann var grískur að ætt, fæddur um 50 árum eftir Krists burð í Frýgíu í Litlu-Asíu. Hann var þræll og þurfti að líða pyndingar (og var haltur á fæti eftir að hafa verið limlestur). Síðar fékk hann frelsi og varð að lokum kennari í Róm.

Epiket hélt því fram að það væri undir mönnum sjálfum komið hvort þeir væru hamingjusamir eða óhamingjusamir. Menn þyrftu aðeins að temja sér rétt viðhorf til lífsins, gera sér ljóst hvað þeir ættu og hvað þeir ættu ekki, hvað þá varðaði um og hvað ekki. Hann sagði sem svo að engin fýsn væri svo sterk og enginn harmur svo sár að réttur skilningur drægi ekki úr hverri fíkn og bætti ekki hvert böл.

I

Þú skalt ekki ætlast til þess að allt verði eins og þú vilt að það verði. Þú skalt heldur biðja þess að allt gerist eins og það gerist og þá muntu verða hamingjusamur/hamingjusöm.

II

Ef þú hefur sett þér lífsreglur skaltu fylgja þeim eins og og þær væru lög. Og ef þú brýtur þessar reglur skaltu líta svo á að þú hafir brotið gegn Guði. En hafðu engar áhyggjur af því sem sagt er um þig; þú stjórnar því ekki hvort sem er.

III

Alveg eins og þú gætir þess á göngu þinni að stíga ekki á nagla eða snúa fót þinn, þannig skaltu gæta þess að bíða ekki tjón á sálu þinni. Ef við gætum þess í öllum athöfnum okkar munum við ganga öruggir að hverju verki.

IV

Sóttin hamlar líkamanum en ekki viljanum nema hann kjósi sjálfur að svo sé. Heltin hamlar fætinum að vísu en viljanum ekki. Segðu sjálfum þér þetta hvert sinn sem eitthvað gengur illa, og þú munt komast að raun um að atburðirnir hamla einhverju öðru en þér.

V

Á hverjum degi skaltu leiða hug þinn að dauða, útlegð og öllu því sem skelfilegt virðist, þó einkum dauðanum. Þá mun hugur þinn aldrei snúast um ómerkilega hluti né heldur mettast af hóflausum girndum.

VI

Það er merki um snauðt sálarlíf að dvelja um of við líkamlega hluti, t.d. að iðka íþróttir um of, eta um of, drekka um of eða verja miklum tíma til fullnægingar öðrum líkamlegum hvötum.

Slíkt skal aðeins gert sem hjáverk, en alhug snúið að andanum.

Verkefni

Við hvaða klausu á eftirfarandi best?

- a) láttu ekki smámuni angra þig,
- b) hóf er best í hverjum hlut,
- c) haltur ríður hrossi,
- d) gakktu hægt um gleðinnar dyr,
- e) stattu við orð þín,
- f) gerðu ekki miklar kröfur.

Grísk goðsaga

Flest börn hafa kynnst grískum og rómverskum goðsögum á einhvern hátt, t.d. í myndasögum eða í kvíkmyndum af Heraklesi og öðrum hetjum og guðum. Þessar gömlu sögur hafa haft mikil áhrif um allan heim og stöðugt er vísað til þeirra, t.d. í bókmenntum, myndlist og tónlist. Sögurnar búa yfir kynngikrafti og snerta flestar hliðar mannlífsins, drauma fólks og draumóra, vonir og vonbrigði. Oft lýsa þær takmarkalausri grimmd. Sálfræðingar hafa nýtt sér þessar sögur til að kanna djúp sálarlífssins, og fjölmörg orð og hugtök í sálfræði eiga rætur í þessum sígildu sögum. Við hvetjum ykkur til að lesa sem mest af þeim og jafnframt að hafa í huga að fjölmargt í þeim er keimlíkt goðsögunum okkar (í *Snorra-Eddu* og eddukvæðum): svipaðar aðstæður, svipuð minni, birtast okkur hvað eftir annað. Í þessari sögu segir frá Íkarosi og föður hans, Dedalosi, sem meðal annars er frægur fyrir að hafa smíðað Völundarhúsið (Labyrinth) á Krít þar sem hinn illræmdi óvættur Mínótár (hálfnt naut og hálfur maður) var geymdur.

Íkaros

Íkaros var sonur Dedalosar og einn af þrælum Mínosar kóngs á Krít. Þegar Dedalos hafði sagt Aríadne dóttur Mínosar frá því hvernig hetjan Þeseifur gæti komist út úr **Völundarhúsinu** og Þeseifur hafði drepið Mínótár varð Mínos svo reiður að hann lokaði Dedalos og son hans Íkaros inni í Völundarhúsinu. En Dedalos átti svar við því. Hann bjó til vængi handa sjálfum sér og festi þá við axlirnar með vaxi. Þeir hófu sig síðan til flugs en áður hafði Dedalos varað son sinn við því að fljúga of lágt og of hátt. En Íkaros var **drambsamur** ungar maður og hlustaði ekki á varnaðarorð föður síns. Hann stefndi hátt til lofts og fór svo nálægt sólinni að vaxið bráðnaði og blesсаður kjáninn féll í sjóinn sem síðan kallast Íkarosarhaf (sjórinn í kringum eyna Samos). Líkinu skolaði á land á eynni Íkariu, og kappinn Herakles jarðsetti það. Dedalos syrgði son sinn mjög og minntist hans með því að mála myndir af þessum sorglega atburði á hurð hofsins í Kume.

Völundarhús: Þetta er íslenska heitið yfir *Labyrinth*. Íslenska nafnið tengist frægum smiði, Völundi, sem greint er frá í eddukvæðum (*Völundarkviða*) og víðar. Ýmislegt í lífi Völundar tengist frásögnum af Dedalosi.

drambsamur: hrokafullur

Verkefni

1. Hvers vegna bjó Dedalos til vængina?
2. Hvers vegna féll Íkaros í sjóinn?
3. Hvernig minntist Dedalos sonar síns?
4. Segðu nokkur orð um ofdirfsku ungs fólks sem ekki vill hlusta á varnaðarorð þeirra sem eldri eru.
5. Orðið *faðir* hefur stundum reynst fólk erfitt í beygingu. Sama er að segja um orðin *bróðir* og *dóttir*. Flettu þessum orðum upp og beygðu í öllum föllum eintölu og fleirtölu, með og án greinis.

Leonídas og hinir hugrökku 300

Sagan um Leonídas er komin til okkar frá gríska sagnfræðingnum *Herodotus* sem uppi var frá 484 fyrir Krist til 425 fyrir Krist og talað er um sem föður sagnfræðinnar. Má því gera ráð fyrir að sannleikskorn leynist í þessari sögu. Leonídas sem sagan segir frá mun hafa orðið konungur eftir bróður sinn í kringum 488 fyrir Krist. Orrustan við Laugaskarð er talin hafa átt sér stað árið 480.

Allt Grikkland var í uppnámi. Öflugur her undir stjórn Persakonungs hafði komið úr austri. Hann þrammaði eftir strandlengjunni og innan fárra daga mundi hann ná Aþenu. Xerxex I. hinn mikli konungur Persa hafði sent fulltrúa sína til borgríkjanna sem framundan voru og krafðist þess að stjórnendur þar sendu honum jarðveg og vatn til merkis um að þeir væru honum undirgefnir. En þeir sögðu:

„Nei, við erum og verðum okkar eigin herrar.“

Af þessum sökum var mikil ringulreið á flestum stöðum. Karlmann vígþjuggust og flýttu sér sem þeir mest máttu til að undirbúa varnir og skipuleggja hvernig best væri að mæta óvininum og hrekja á flótta. Heima fyrir bjuggu konurnar sig undir það sem koma skyldi, tóku til mat og vistir og hlúðu að börnum og öldruðum.

Það var aðeins ein leið sem persneski herinn gat sótt fram á austurströnd Grikklands og það var í gegnum þróngt skarð sem kallast Laugaskarð. Á þessum tíma var Leonídas konungur í Spörtu, sem var eitt öflugasta borgríki í Grikklandi. Hann hélt ásamt 300 af sínum hraustustu hermönnum upp í Laugaskarð til að freista þess að verja það fyrir Persum.

Fljótlega eftir að þeir höfðu komið sér fyrir í skarðinu, sáu þeir til persneska hersins þar sem hann nálgaðist hægt en örugglega. Sér til skelfingar sáu þeir að

her óvinanna var svo fjölmennur að ógerningur var að kasta tölu á fjöldann. Hvernig gátu nokkrir menn staðið gegn slíku ofurefli?

Þrátt fyrir þetta ákváðu Leonídas og spartnesku hermennirnir hans að láta ekki undan síga. Frekar skyldu þeir láta lífið en að leggja á flótta. Einhverjir sögðu að þegar örvadrífan kæmi frá Persunum þá yrði hún svo þétt að ekki sæi til sólar. „Það væri heppilegt,” sögðu Spartverjarnir, „því þá njótum við forsælunnar.“

Hugrakkir tóku þeir sér stöðu í skarðinu og hvikuðu hvergi. Þrengslin þar gerðu það að verkum að erfitt var að sækja að þeim og þegar Persarnir réðust til atlögu létu þeir umvörpum lífið á spjótsoddum Spartverja.

En það fækkaði líka smám saman í liði Spartverjanna. Að lokum voru öll spjót þeirra brotin en þeir stóðu samt hlið við hlið og börðust með öllu tiltæku, sverðum, hnífum og jafnvel berum höndunum.

Allan daginn héldu þeir her Persa í skefjum en þegar sólin settist var ekki einn einasti Spartverji eftir á lífi. Þar sem þeir höfðu varist var nú bara stór valköstur skreyttur ótolulegum fjölda örva og spjótskafta.

Tuttugu þúsundir manna úr liði Persa höfðu fallið fyrir hinum fáu, og Grikklandi var borgið.

Tvö þúsund og fimm hundruð ár hafa liðið en ennþá segja menn sögur af Leoníðasi og hinum hugrökku þrjú hundruð sem dóu fyrir frelsið.

Verkefni

1. Hvenær á sagan að hafa gerst?
2. Af hverju má ætla að sannleikskorn leynist í sögunni?
3. Hverjir ætluðu að leggja undir sig grísku borgríkin?
4. Hvar átti bardaginn sér stað og af hverju einmitt þar?
5. Hvernig lauk orrustunni?
6. Getur þú nefnt önnur dæmi um liðsmun og óvænt endalok?

Jason og gullreyfið

Jason var frá Þessalíu í Grikklandi og var þar réttur ríkisarfi en Pelías föðurbróðir hans hrifsaði til sín völdin. Móðir Jasons óttaðist þá um líf drengsins og sendi hann í fóstur til kentársins Kírons.

En Pelías grunaði alltaf að Jason kæmi til að heimta rétt sinn enda hafði **véfréttin** í Delfí sagt honum að hann skyldi gæta sín á manni sem kæmi á einum ilskó til Iolkus, en svo hét höfuðborgin í Þessalíu. Loks ákvað Jason að snúa til Iolkus á ný. Á leið sinni kom hann að stórri á, og þegar hann bjó sig undir að vaða yfir hana kom til hans gömul kona og bað hann um að bera sig yfir. Hann gerði það en missti þá annan ilskóinn af fæti sér. Hann hélt áfram ferðinni og hugsaði ekki meira um gömlu konuna og gerði sér ekki grein fyrir því að þetta hafði verið sjálf Hera, kona guðsins Seifs, sem var að reyna hann. En Hera hataði Pelías af því að hann hafði ekki fært henni fórnir; hún vildi því styðja Jason og ætlaðist til að hann kæmi Pelíasi fyrir kattarnef.

Þegar Jason kom til Iolkus spurðist strax út að maður á einum ilskó væri kominn í bæinn. Pelías var í vanda staddir því að hann vissi að margir mundu verða reiðubúnir að styðja Jason, hinn réttborna ríkisarfa, til valda, en hann þorði ekki að láta drepa hann af ótta við uppreisn. Hvað var þá til ráða? Honum hugkvæmdist að spyrja Jason hvað hann mundi gera ef véfrétt segði honum að maður ætlaði að drepa hann. Jason svaraði því til að hann mundi senda þann mann til konungsins í Kolkis, lengst í norðaustri, að ná gullreyfi sem var af hrút sem fór þangað eitt sinn á töfrafullan hátt með frænda hans á bakinu (sem þar var dreppinn). Þá sagði Pelías að Jason skyldi eignast konungsríkið ef hann færir fyrst til Kolkis og næði gullreyfinu og kæmi með það til sín. Þetta var auðvitað glæfraferð því að gullreyfið var vaktað af hræðilegri eiturslöngu sem aldrei svaf. Auk þess var kóngurinn sem átti reyfið svikari og hataðist við alla gesti. Hann

hafði meira að segja drepið frænda Jasons (sem hafði komið til hans á hrútnum) þótt hann væri orðinn tengdasonur hans.

Jason ráðfærði sig nú við véfréttina í Delfí og hélt síðan af stað í þessa hættulegu ferð enda naut hann stuðnings Heru. Hann hafði með sér marga af frægustu köppum Grikklands, sem hver og einn var gæddur sérstökum eiginleikum: einn hafði afburða sjón, annar var skipasmiður, sá þriðji skipstjóri, sá fjórði tónlistarmaður sem söng svo vel að hann gat róað öldurnar á sjónum. Meira að segja var sjálfur Herakles með í för, sá mikli kraftajötunn og jötnabani. Þeir voru á skipinu Argó og voru kallaðir Argónátar.

Segir nú ekki af ferðinni norður í Svartahafið en hún var bæði ævintýraleg og stórhættuleg. En loks komust þeir í áfangastað. Kóngsdóttirin Medea var sú fyrsta sem sá komumennina og hún varð strax yfir sig ástfangin af Jason (vegna þess að Hera hafði beðið ástargyðjuna Afródítu að sjá til þess). En faðir Medeu var gestunum mjög andsnúinn enda óttaðist hann að þeir ætluðu að steypa sér af stóli. Hann létt þó ekki á neinu bera þegar Jason bað hann um gullreyfið en ákvað að leggja fyrir hann óyfirstíganlegar þrautir. Jason átti meðal annars að leggja **ok** á eldspúandi uxa með klaufir úr bronsi og tengja þau við plóg, plægja akur, sá í hann tönnum úr dreka og leggja síðan að velli lið vopnaðra manna sem sprytti upp úr jörðinni.

Það var umfram allt með hjálp hinnar **fjölkunnugu** Medeu að Jasoni tókst að leysa þessar þrautir. En á móti lofaði Jason henni að taka hana með sér til Grikklands. Hún smurði hann meðal annars með smyrslum til að verja hann fyrir eitri uxanna.

En kóngurinn, faðir Medeu, var ekki af baki dottinn og ætlaði að svíkja Grikkina enda var hann farinn að óttast þá mjög. Medea tók þá til sinna ráða og fór um miðja nótt á skipið til Argónátanna, sem voru þar að fagna með Jasoni. Hún greindi þeim frá þeirri hættu sem þeir væru staddir í. Síðan létt hún Jason gefa sér loforð um að hann mundi giftast sér. Þá fór hún með hann að hellinum þar sem slangan vakti og gætti gullreyfisins. Henni tókst að svæfa slönguna og þá gat Jason skriðið yfir hana og sótt reyfið. Síðan var siglt af stað og farið eins

hratt og mögulegt var. Í birtingu var kóngurinn lagður af stað til að veita þeim eftirför.

Sagt er að Argónátarnir hafi tekið yngsta son konungsins með sér. Þegar þeir sáu eftirför konungsins er sagt að Medea hafi stungið bróður sinn til bana og skorið hann í stykki og hent einu og einu í sjóinn til að tefja siglingu föður síns sem safnaði bútunum saman svo að hann gæti gert syni sínum virðulega útför.

Jason og Medea gengu í hjónaband í helli einum þar sem þau þurftu að dveljast um tíma eftir miklar svíptingar. Áður en þau hjónin komust með félögum sínum til Iolkus gerði Medea Jasoni kleift að drepa bronsmanninn Talos á Krít sem hljóp þrisvar á dag kringum eyna og varði hana fyrir ránsmönnum. Henni tókst að ná nagla úr hael hans en þessi nagli var eins og tappi sem hélt blóðinu í líkama Talosar og við þetta blæddi honum út.

Þegar komið var á leiðarenda var faðir Jasons enn á lífi, valdalaus sem fyrr. Medeu tókst að yngja hann upp með því að setja hann í pott og sjóða hann í töfravökva. Með lævísi sinni tókst henni síðan að sannfæra dætur Pelíasar konungs (sem hafði sent Jason í hina hættulegu ferð) um að þær gætu gert hann ungan á ný með því að höggva hann í spað og sjóða í potti. Þannig myrtu dæturnar föður sinn og Jason lagði borgina undir sig.

En út af þessum glæp urðu þau Jason og Medea að yfirgefa ríkið og borgina Iolkus enda hafði Hera nú snúið bakinu við Jason. Þau hjónin fóru til Korintu en þar hafði faðir hennar eitt sinn verið kóngur og Medea taldi sig eiga tilkall til konungdæmisins. En til að koma sér í mjúkinn hjá kónginum sem nú réð ríkjum í Korintu datt Jasoni í hug að skilja við Medeu og ganga að eiga Glauke, dóttur þessa konungs. Medea varð viti sínu fjær af reiði og hefndi sín grimmilega. Hún eitraði brúðarkjól Glauke og brenndi hana þannig lifandi. Síðan myrti Medea sín eigin börn.

Sagt er að Jason hafi dáið niðurbrotinn maður þar sem hann sat í skugganum af sínu gamla skipi þegar mastrið á því brotnaði skyndilega og felli á höfuð hans.

En Medea flýði til Aþenu þar sem Aegeus kóngur réð ríkjum. Sá kóngur vissi ekki að hann ætti soninn Þeseus og hann dreymdi um að eignast afkomanda. Medea giftist honum og hann eignaðist með henni soninn Medus. Nokkrum árum síðar kom Þeseus til Aþenu og þá reyndi Medea að ráða hann af dögum með eitri. Það mistókst og varð þá Medea að flýja borgina. Medus varð síðar kóngur í Medes; hann varð frægur fyrir að drepa banamann afa síns. En um afdrif Medeu, þessarar ferlegu galdrakonu, er ekki vitað.

Grísk goðsaga

véfrétt: goðsvar, veitt með tilstyrk prests eða hofgyðju

ok: klafi, tré sem aktaugar á dráttardýrum eru festar í

fjölkunnug: göldrótt

Verkefni

1. Hver var gamla konan sem Jason bar yfir ána?
2. Hvernig fékk Pelías þá hugmynd að senda Jason eftir gullreyfinu?
3. Bentu á tiltekin tiltekin atriði úr sögunni sem bera vott um takmarkalausa valdagræðgi.
4. Gætu kapparnir sem voru með Jason í ferðinni minnt á persónur í íslensku ævintýri þar sem hver og einn býr yfir tilteknum hæfileikum? (Vísbending: Velvak...)
5. Hvers vegna urðu þau Jason og Medea að yfirgefa lolkus?
6. Sum atriði sem lýst er í sögunni eru svo grimmileg að þau geta ekki átt sér stað í raunveruleikanum. Nefndu eitt eða tvö hryllingsdæmi úr sögunni.
7. Veldu þér atriði úr sögunni og myndgerðu það.

För Þórs til Útgarðaloka

Hér á eftir kemur framhaldið af sögunni um hafra Þórs [Ásaþórs]. Textinn er tekinn næstum óbreyttur úr *Snorra-Eddu* en stafsetningin er færð til nútímahorfs. Snorri Sturluson samdi verkið um 1230. Frumrit hans er glatað en elstu handrit eru frá því um 1300. Það er spennandi viðfangsefni að glíma við svo gamlan texta. Margt furðulegt ber hér fyrir augu, t.d. vettling sem var á stærð við stóran skála. Miklar sjónhverfingar birtast okkur, og Þór og félagar hans þurfa að glíma við erfiðar og furðulegar þrautir meðal jötna. Þór, sem var sterkastur ása, er niðurlægður eftirminnilega en fær að lokum nokkra uppreisn æru.

Höfum í huga við lestur þessarar goðsögu (og annarra goðsagna) að margt leynist milli línnanna. Mjög oft eru ýmis náttúrufyrirbæri útskýrð. Í þessari sögu er meðal annars gefin skýring á jarðskjálftum og sjávarföllum (flóði og fjöru).

Munið að *æsir* eru guðirnir (eintala: *ás*). Fleirtala: *æsir* um *æsi* frá *ásum* til *ása*.

Mælt er með að textinn sé lesinn upphátt í beknum og nemendur fylgist með á bókinni. (Textinn er lesinn upp á [skolavefurinn.is](#))

I. Skrýmir jötunn veldur jarðskjálfta

Þór hélt nú af stað frá foreldrum Þjálfa og Röskvu. Skildi hann þar eftir hafrana og byrjaði ferð sína austur í Jötunheima og allt til hafssins, og þá fór hann út yfir hafið djúpa. En er hann kom til lands þá gekk hann upp og með honum Loki og Þjálfí og Röskva.

Þegar þau höfðu gengið um hríð varð fyrir þeim mikill skógur. Gengu þau þann dag allan til myrkurs. Þjálfí var allra manna **fóthvatastur**. Hann bar nestispoka Þórs, en þarna var erfitt að afla matar.

Þá er dimmt var orðið leituðu þau sér til náttstaðar og fundu fyrir sér skála nokkurn mjög mikinn. Voru dyr á enda og jafnbreiðar skálanum. Þar ákváðu þau

að vera um nóttina. En um miðja nótt varð landskjálfti mikill. Gekk jörðin undir þeim í bylgjum og skalf húsið. Þá stóð Þór upp og ræddi við félaga sína og leituðu þau fyrir sér og fundu afhús til hægri handar í miðjum skálanum og gengu þangað. Settist Þór í dyrnar, en félagar hans voru innar frá honum og voru þau hrædd. En Þór hélt hamarskaftinu og hugðist að verja sig. Þá heyrðu þau **ym** mikinn og gný.

En í dögun gekk Þór út og sá hvar lá maður skammt frá honum í skóginum, og var sá eigi lítill. Hann svaf oghraut sterklega. Þá þóttist Þór skilja hvaða læti þetta höfðu verið um nóttina. Hann spennir sig **meginjörðum** og óx honum **ásmegin**. En í því vaknar maðurinn og stóð skjótt upp. Svo er sagt þetta hafi verið í eina skiptið sem Þór hikaði við að slá með hamrinum. Hann spurði risann að nafni, en sá nefndist Skrýmir – „en eigi þarf ég,“ sagði hann, „að spyrja þig að nafni. Veit ég að þú ert Ása-Þór. En hefur þú dregið á brott hanska minn?“

Seildist þá Skrýmir til og tók upp hanska sinn. Sér Þór þá að það hafði hann haft um nóttina fyrir skála, en afhúsið – það var þumlungurinn hanskans.

Skrýmir spurði hvort Þór vildi hafa fylgd hans, og Þór játti því. Þá tók Skrýmir og leysti nestisbagga sinn og bjóst til að eta morgunverð, en Þór var í öðrum stað og hans félagar. Skrýmir bauð þá að þeir sameinuðu nestið, og samþykkti Þór það. Þá batt Skrýmir nesti þeirra allt í einn bagga og lagði á bak sér. Hann gekk á undan og steig heldur stórum. En um kvöldið leitaði Skrýmir þeim náttstaðar undir eik mikilli.

Þá mælti Skrýmir til Þórs að hann vill leggjast niður að sofna, „en þið takið nestisbaggann og útbúið náttverð handa ykkur.“ Því næst sofnar Skrýmir og hraut fast. En Þór tók nestisbaggann og ætlaði að leysa. En svo er að segja, sem ótrúlegt mun þykja, að engan hnút fékk hann leyst og engan ólarendann hreyft svo að þá væri lausari en áður. Og er hann sér að þetta verk vill ekki ganga, þá varð hann reiður. Greip þá hamarinn Mjöllni tveim höndum og steig fram öðrum fæti að þar er Skrýmir lá og slær í höfuð honum. En Skrýmir vaknar og spyr hvort laufblað nokkurt félli í höfuð honum, eða hvort þeir hefði þá matast

og séu tilbúnir að fara að sofa. Þór segir að þeir muni þá ganga til svefns undir annarri eik. Er það þér satt að segja að ekki var þá óttalaust að sofa.

En um miðja nótt heyrir Þór að Skrýmir hrýtur og sefur fast, svo að dunar í skóginum. Þá stendur hann upp og gengur til hans, reiðir hamarinn titt og hart og *lýstur* ofan í miðjan *hvirlif* honum. Hann finnur að hamarsmunnurinn sekjur djúpt í höfuðið. En í því bili vaknar Skrýmir og mælti: „Hvað er nú? Féll *akarn* nokkurt í höfuð mér? Eða hvað er titt um þig, Þór?“

En Þór gekk í skyndi til baka og svarar að hann var þá nývaknaður, sagði að þá var mið nótt og enn væri best að sofa. Þá hugsaði Þór að ef hann kæmist í færi að slá hann hið þriðja högg, að aldrei skyldi hann sjá sig síðan. Liggur nú og gætir ef Skrýmir sofnaði enn fast.

En litlu fyrir dögun heyrir Þór að Skrýmir mun hafa sofnað. Stendur þá upp og hleypur að honum. Reiðir þá hamarinn af öllu afli og lýstur á *punnvangan* sem upp vissi. Sekkur þá hamarinn upp að skaftinu. En Skrýmir settist upp og strauk um vangann og mælti: „Hvort munu fuglar nokkrir sitja í trénu yfir mér? Mig grunar er eg vaknaði að sprek nokkurt af kvistunum félli í höfuð mér. Hvort vakir þú, Þór? Mál mun vera upp að standa og klæðast, en ekki eigið þið nú langa leið fram til borgarinnar sem kölluð er Útgardur.

Heyrt hef ég að þið hafið kvisað í milli ykkar að ég væri ekki lítill maður vexti, en sjá skuluð þið stærri menn ef þið komið í Útgard. Nú mun ég ráða ykkur heilræði. *Látið eigi stórlega* yfir yður. Ekki munu hirðmenn Útgard-Loka þola vel að smástrákar eins og þið séu neitt að gorta. En að öðrum kosti hverfið aftur, og þann kost tel ég að þið ættuð að taka. En ef þið viljið halda áfram þá stefnið í austur, en ég mun halda til norðurs, til fjalla þessara sem þið sjáið.“

Tekur Skrýmir nestisbaggann og kastar á bak sér og snýr þvert á braut í skóginн frá þeim. Og er þess eigi getið að *æsirnir* bæðu þá heila hittast.

fóthvatur: frár á fæti, fljótur að hlaupa

ymur: dynur, hávaði

megingjarðir: belti Þórs sem veitti honum aukið afl

ásmegin: kraftur, (eiginlega) guðakraftur.

lýstur: (af *Ijósta*) slá, berja (*Ijósta – laust – lustum – lostið*)

hvirfill: efsti hluti höfuðkúpunnar

akarn: ávöxtur eikartrés

bunnvangi: gagnauga

látið eigi stórlega: verið ekki hrokafullir eða montnir

æsir (eintala: **ás**): guðir (þ.e. þeir Þór og Loki)

Verkefni

1. Hver er skýringin á því að dyrnar hafi verið jafnbreiðar skálanum? Hvert er afhúsið (afhýsið) sem talað er um?
2. Nefndu þrennt sem Skrýmir hélt að hefði fallið í höfuð sér.
3. Hver var viðvörun Skrýmis ef Þór og félagar kæmu til Útgarða?
4. Flettu upp orðinu ás. Sýndu fram á að það geti haft að minnsta kosti þrjár merkingar.

II. Kappát og kappblaup

Þór hélt áfram ferðinni með félögum sínum og gengu þau fram til miðs dags. Þá sáu þeir varnargarð standa á völlum nokkrum og settu hnakkann á bak sér aftur áður þeir fengu séð upp yfir. Ganga þau þangað en grind var fyrir borgarhliðinu. Þór gekk á grindina en gat ekki lokið upp. Loks gátu þau troðið sér milli rímlanna og komust þannig inn. Þá sáu þau höll mikla og gengu þangað. Var hurðin opin. Þá gengu þau inn og sáu þar marga menn á bekkjum til beggja hliða og flesta ærið stóra. Því næst koma þeir fyrir konunginn Útgarða-Loka, og heilsuðu honum. En hann leit seint til þeirra og glotti við tönn og mælti:

„Seint er um langan veg að spyrja tíðinda. Eða er annan veg en ég hygg að þessi sveinstauli sé Ökuþór? En meiri muntu vera en mér sýnist. Eða hvaða íþróttir þykist þið félagar kunna? Enginn skal hér vera með okkur sem ekki býr yfir nokkurskonar list eða kunnáttu umfram flesta menn.“

Þá segir Loki sem síðastur gekk: „Kann ég þá íþrótt er ég er tilbúinn að reyna, að enginn er hér sá inni er skjótara skal eta mat sinn en ég.“

Þá kallaði Útgarða-Loki utar á bekkinn að sá er Logi heitir skuli ganga á gólf fram og freista þess að keppa við Loka.

Þá var tekið **trog** eitt og borið inn á hallargólfíð og fyllt af kjöti. Settist Loki að öðrum enda en Logi að öðrum, og átu báðir sem tíðast og mættust í miðju troginu. Hafði þá Loki etið allt kjöt af beinum, en Logi hafði etið beinin með kjötinu og svo trogið, og sýndist nú öllum sem Loki hefði tapað leiknum.

Þá spyr Útgarða-Loki hvað sá hinn ungi maður kunni leika. En Þjálfi segir að hann mun freista þess að þreyta kappblaup við einhvern þann er Útgarða-Loki fær til. Útgarða-Loki segir að þetta sé góð íþrótt. Hann stendur þá upp og gengur út, og var þar sléttur völlur. Þá kallar Útgarða-Loki til sín sveinstaula nokkurn er nefndur er Hugi og bað hann hlaupa í kapp við Þjálfa. Þá taka þeir hinn fyrsta sprett, og er Hugi svo fljótur að hann snýr á móti Þjálfa við brautarenda.

Þá mælti Útgarða-Loki: „Þurfa muntu, Þjálfi, að leggja þig meira fram ef þú skalt vinna leikinn. En þó er það satt að ekki hafa hér komið þeir menn er mér þyki sprettharðari.“

Þá taka þeir annað hlaup, og þegar er Hugi er kominn á enda, þá er Þjálfi svo langt á eftir að skjóta hefði mátt spjóti á milli þeirra.

Þá mælti Útgarða-Loki: „Vel þykir mér Þjálfi hlaupa, en ekki trúi ég að hann vinni leikinn. En nú mun reyna á þegar þeir hlaupa þriðja sprettinn.“

Þá hlaupa þeir enn af stað, en þegar Hugi er kominn á brautarenda er Þjálfi ekki kominn hálfu leið.

Þá segja allir að fullreynt sé um þennan leik.

trog: ferhyrnt, grunnt tréílát

Verkefni

1. Hvernig komust Þór og félagar inn um borgarhliðið?
2. Hvaða niðrandi orð notar Útgarða-Loki um Þór (Ökuþór)?
3. Hvernig lauk viðureign Loka (félaga Þórs) og Loga?
4. Hvað munaði miklu á Huga og Þjálfa í öðru hlaupi?
5. Myndaðu málsgrein þar sem orðin *list* og *lyst* koma fyrir.
6. Flettu upp orðinu *hlaup* og finndu að minnsta kosti þrjár ólíkar merkingar þess.

III. Kappdrykkjan

Þá spyr Útgarða-Loki Þór hvaða íþróttir hann vilji sýna þeim, en miklar sögur hafi farið af stórvirkjum hans. Þá mælti Þór að helst vill hann taka það til að þreyta drykkju við einhvern mann. Útgarða-Loki segir að það má vel vera og gengur inn í höllina og kallar á þjón sinn og biður að hann taki horn það er hirðmenn eru vanir að drekka af. Því næst mælti Útgarða-Loki: „Af horni þessu þykir þá vel drukkið ef það tæmist í einum sopa, en sumir menn drekka af í tveim drykkjum. En enginn er svo lítill drykkjumaður að ekki tæmist í þremur.“

Þór lítur á hornið og sýnist ekki mikið, og er þó heldur langt. En hann er mjög þyrstur, tekur að drekka og svelgur allstórum og hyggur að ekki muni þurfa að bera það að vörnum nema einu sinni. En er hann gat ekki haldið lengur áfram tók hann hornið frá munni og sá þá að lítið hafði lækkað í því.

Þá mælti Útgarða-Loki: „Vel er drukkið en eigi of mikið. Eigi mundi ég trúa ef mér væri sagt frá að Ásaþór myndi eigi meiri drykk drekka. En þó veit ég að þú munt vilja drekka af í öðrum drykk.“

Þór svarar engu, tekur hornið og drekkur nú eins og hann framast getur. En hann sér að mjórri endi hornsins vill ekki eins mikið upp og til var ætlast. Og er hann tók hornið af munni sér og leit í, fannst honum nú sem minna hefði lækkað í því en í fyrra skiptið.

Þá mælti Útgarða-Loki: „Hvað er nú, Þór? Mér sýnist sem þriðji sopinn verði að vera sá stærsti ef þú ætlar að tæma hornið. En ekki muntu verða kallaður svo mikill maður hér sem æsir kalla þig, ef þú nærð ekki meiri árangri í öðrum íþróttum en þú virðist ætla að ná í þessari.“

Þá varð Þór reiður, setur hornið á munn sér og drekkur sem ákaflegast. En er hann hætti og leit í hornið þá hafði reyndar lækkað töluvert í því. En hann leggur það frá sér og vill ekki drekka meira.



Verkefni

1. Hvaða sopi virðist hafa verið stærstur?
2. Nafnið Ökuþór var notað um Þór í fyrri kafla. Hvaða nafn notar Útgardá-Loki um Þór í þessum kafla?
3. Myndaðu málsgrein þar sem orðið *hætta* kemur fyrir bæði sem sagnorð og nafnorð.

IV. Þór og kötturinn

Þá mælti Útgarða-Loki: „Auðséð er nú að máttur þinn er ekki svo mikill sem við hugðum. En viltu freista þess að fara í fleiri leiki? Sjá má nú að þetta er ekki til neins fyrir þig.“

Þór svarar: „Freista verð ég þess enn. En undarlegt myndi mér þykja ef þvílíkir drykkir væru litlir kallaðir. En hvaða leik viljið þið nú bjóða mér?“

Þá mælti Útgarða-Loki: „það gera hér ungar sveinar er lítið mark mun að þykja, að lyfta upp af jörðu ketti mínum. En eigi mundi ég ræða slíkt við Ásaþór ef ég hefði eigi áður séð að þú ert miklu minni fyrir þér en ég hugði.“

Því næst hljóp fram köttur einn grár á hallargólfíð og heldur mikill, en Þór gekk til og tók hendi sinni niður undir miðjan kviðinn og lyfti upp, en kötturinn beygði kenginn svo sem Þór rétti upp höndina. En er Þór seildist svo langt upp sem hann mátti lengst, þá létti kötturinn einum fæti, og fær Þór eigi framið þennan leik.

Þá mælti Útgarða-Loki: „Svo fór þessi leikur sem mig grunaði. Kötturinn er heldur mikill en Þór er lágor og lítill hjá stórmenni því sem hér er með okkur.“

Verkefni

1. Sýndu dæmi um það hvernig Útgarða-Loki hæðist að Þór.
2. Hvernig gekk Þór að lyfta kettinum?
3. Beygðu orðið *hönd* í öllum föllum eintölu. Skrifaðu svo upp setningarnar: *Ég tók í h..... á honum* og: *Ég hélt á þessu í h.....*

V. Þór glímir við Elli kerlingu

Þá mælti Þór: „Þið kallið mig lítinn. En hver ykkar þorir að ganga nú fram og glíma við mig? Nú er ég reiður!“

Þá svarar Útgarða-Loki og litast um á bekkina og mælti: „Eigi sé ég þann mann hér inni sem muni þykja merkilegt að fást við þig.“ Og enn mælti hann: „Sjáum til. Kallið hingað kerlinguna fóstru mína, Elli, og látum Þór fást við hana ef hann vill. Fellt hefur hún þá menn er mér hafa litist eigi ósterklegr en Þór er.“

Því næst gekk í höllina kerling ein gömul. Þá mælti Útgarða-Loki að hún skal taka glímu við Ásaþór. Ekki þarf að fara um það mörgum orðum. Svo fór um þá glímu að því harðara sem Þór sótti, því fastara stóð hún. Þá tók kerling að leita til bragða og varð Þór þá laus á fótum, og voru þær sviftingar allharðar og eigi lengi áður en Þór féll á kné öðrum fæti. Þá gekk til Útgarða-Loki, bað þau hætta glímunni og sagði svo að Þór myndi eigi þurfa að bjóða fleiri mönnum glímu í hans höll. Var þá og liðið á nótt. Vísadí Útgarða-Loki Þór og þeim félögum til sætis og dveljast þar náttlangt í góðum fagnaði.

Verkefni

- „Fellt hefur hún þá menn er mér hafa litist eigi ósterklegr en Þór.“ Hér er um tvöfalfa neitun að ræða. Orðaðu þetta upp á nýtt með því að taka báðar neitanirnar út.
- Hvernig lauk glímu Þórs og kerlingar?

VI. Sjónhverfingar

En að morgni þegar dagaði stendur Þór upp og þeir félagar, klæða sig og búa sig undir að halda brott. Þá kom þar Útgarða-Loki og lét leggja á borð. Skorti þá ekki góðan fagnað, mat og drykk. En er þeir hafa matast þá snúast þeir til ferðar.

Útgarða-Loki fylgir þeim út, gengur með þeim út fyrir borgarveggi. En að skilnaði þá mælti Útgarða-Loki til Þórs og spryr hvernig honum þykir ferð sín orðin eða hvort hann hafi hitt máttugri mann nokkurn en sig. Þór segir að hann hafi ekki farið neina sæmdarför. „Og ég veit að þið munuð kalla mig lítinn mann fyrir mér, og uni ég því illa.“

Þá mælti Útgarða-Loki: „Nú skal segja þér hið sanna, úr því að þú ert kominn út úr borginni. Ef ég má einhverju ráða, þá muntu aldrei oftar í hana koma, og það veit trúá míni að aldrei hefðir þú í hana komið ef ég hefði vitað áður að þú hefðir svo mikinn kraft með þér. Þú varst næstum búinn að setja okkur í mikil vandræði.

En sjónhverfingar hef ég gert þér, svo að fyrsta sinn er ég fann þig á skóginum kom ég til fundar við ykkur. Og þá er þú skyldir leysa nestisbaggann þá hafði ég bundið með járnbandi. Þú lamdir mig með hamrinum þrjú högg, og var hið fyrsta minnst, og var þó svo mikið að það hefði orðið mér að bana ef á hefði komið. En þar er þú sást hjá höll minni setberg og þar sástu ofan í þrjá dali ferhyrnda og einn dýpstán. Þar voru hamarspor þín. Setberginu brá ég fyrir höggin, en eigi sást þú það.

Svo var einnig um leikana er þið þreyttuð við hirðmenn mína. Þá var það hið fyrsta er Loki gerði. Hann var mjög soltinn og át tit. En sá er Logi heitir, það var villieldur, og brenndi hann eigi seinna trogið en kjötið og beinin. En er þjálfi þreytti kapphlaupið við þann er Hugi hét, það var hugur minn og var þjálfa eigi auðvelt að keppa við hann.

En er þú drakkst af horninu þótti þér seint ganga. En það veit trúá míni að þá gerðist slíkt undur að ég myndi eigi trúá að það gæti átt sér stað. Annar endi

hornsins var úti í hafi, en það sástu eigi. En nú er þú kemur til sjávarins, þá muntu sjá hve mikið þú hefur drukkið.“ – Það eru nú fjörur kallaðar.

Og enn mælti Útgarða-Loki: „Eigi þótti mér hitt minna um vert er þú lyftir upp kettinum, og er þér satt að segja, þá hræddust allir þeir er sáu er þú lyftir af jörðu einum fætinum. En sá köttur var eigi sem þér sýndist, það var Miðgarðsormur er liggur um öll lönd og bítur í sporð sér. Þú seildist svo langt upp að skammt var þá til himins. En hitt var og mikið undur um glímuna, er þú stóðst svo lengi við og fíllst eigi meir en á kné öðrum fæti er þú fékkst við Elli. Því að enginn hefur sá orðið og enginn mun verða sem ellin fellir ekki ef hann á annað borð nær gamals aldri.

Og er nú það satt að segja að vér munum skiljast, og mun þá betra að þið komið eigi oftar að hitta mig. Ég mun enn annað sinn verja borg mína með þvílíkum vélabréðum að þið munuð ekki ná valdi á mér.“

En er Þór heyrði þessa tölu greip hann til hamarsins og bregður á loft. En er hann ætlaði að láta höggið ríða þá sér hann þar hvergi Útgarða-Loka. Og þá snýst hann aftur til borgarinnar og ætlast þá fyrir að brjóta borgina. Þá sér hann þar völlu víða og fagra en enga borg. Snýst hann þá aftur og fer sína leið til þess er hann kom aftur í **Þrúðvanga**. En mikinn hefndarhug bar hann til Miðgarðsorms og þeirra félaga. Síðar tókst honum að ná sér niðri á þeim.

Þrúðvanger: bústaður Þórs

Verkefni

1. Hvers vegna var Hugi fljótari en Þjálfi?
2. Hvers vegna gat Þór ekki tæmt hornið?
3. Hvers vegna má líta á það sem afrek hjá Þór að hafa ekki fallið kylliflatur fyrir Elli kerlingu?
4. Þegar Þór hélt að hann hefði slegið hamrinum í höfuð Skrýmis reyndist það sjónhverfing. Hvaða náttúrufyrirbæri mynduðust við höggin þrjú?
5. Hvaða skýringar eru hér eru gefnar á a) jarðskjálftum, b) flóði og fjöru?
6. Nokkrar persónur í sögunni bera nöfn sem segja til um eiginleika þeirra. Hvaða persónur eru það?
7. Bentu á *andstæður* í sögunni.
8. Hvaða orð, sem merkir sama og *svangur*, er notað í kaflanum?
9. Margir eiga í erfiðleikum með að beygja orðið ás; fleirtala: *æsir* um *æsi* frá *ásum* til *ása*. Myndaðu setningar þar sem orðið kemur fyrir í öllum föllum fleirtölu.

Spakmæli úr Hávamálum

Hávamál teljast til eddukvæða. Þau eru lögð sjálfum Óðni í munn (Hár = Óðinn; mál Háva = mál Óðins). Í kvæðinu segir Óðinn okkur meðal annars hvernig best sé að lifa. Hann leggur áherslu á mikilvægi vináttunnar; einnig ræðir hann um þá ógæfu sem óhóf getur haft í för með sér en jafnframt segir hann að menn eigi að vera gjafmildir og njóta lífsins hér og nú.

Nemendur lenda stundum í vandræðum með orðið *edda*. Við eיגum tvær eddur: a) *Snorra-Eddu* þar sem Snorri Sturluson segir okkur sögur af goðunum og skýrir myndmál skáldanna og b) *eddukvæði* sem eru kvæði af goðum (eins og Óðni og Frigg) og fornum hetjum (eins og Sigurði Fáfnisbana og Brynhildi). Báðar eddurnar geyma sömu sagnahefðina og flest af því sem þar er sagt á sér ævagamlar rætur. Orðið *edda* getur merkt langamma en einnig tengist það orðinu óður: skáldskapur.

Þó að eddukvæðin hafi ekki verið skráð fyrr en á kristnum tíma (13. öld) hafa þau að öllum líkindum geymst í munnmælum kynslóð eftir kynslóð enda greina þau frá atvikum sem tengjast heiðni. Ef við ættum ekki eddurnar tvær væru Norðurlandabjóðir og aðrir íbúar Norður-Evrópu fátækir að upplýsingum um fornan átrúnað forfeðra sinna og formæðra.



Veistu ef þú vin átt
þann er þú vel trúir
og vilt þú af honum gott geta:
Geði skaltu við þann blanda
og gjöfum skipta,
fara að finna oft.

geta: (hér) fá (**geta gott af honum:** njóta góðs af honum)

blanda geði við einhvern: eiga samskipti við einhvern

Vin sínum
skal maður vinur vera,
þeim og þess vin,
en óvinar síns
skyli engi maður
vinar vinur vera.

engi: enginn

Verkefni

1. Hvað eiga menn að gera ef þeir vilja njóta góðs af vini sínum samkvæmt fyrri vísunni? (Nefndu þrennt).
2. Tengdu eftirfarandi málshátt við efni fyrri vísunnar: Fyrnist *vinskapur sem fundir* (*fyrnast:* (hér) gleymast).
3. Þú átt vin og hann á annan vin. Átt þú að vera vinur þess manns samkvæmt seinni vísunni?
4. Settu síðustu þrjár línur seinni vísunnar í eðlilega orðaröð.
5. Ertu sammála þeim boðskap *Hávamála* að ekki sé gott að vera vinur vinar óvinar síns? Rökstyddu svar þitt.

Í næstu vísu er minnt á að allir muni deyja. En góður orðstír deyr aldrei. Þannig er fullyrt að þrátt fyrir allt sé eitthvað til sem er eilíft. Þetta er áminning um að það skipti öllu í lífinu að sýna gott fordæmi, lifa flekklausu lífi.

Deyr fé,
deyja frændur,
deyr sjálfur ið sama
en orðstír
deyr aldregi
hveim er sér góðan getur.

deyr sjálfur ið sama: maður sjálfur deyr sömuleiðis

orðstír: frægð, umtal

aldregi: aldrei

hveim: sérhverjum, hverjum þeim

Mildir, fræknir
menn best lifa,
sjaldan sút ala.
En ósnjallur maður
uggir hotvetna,
sýtir æ glöggur við gjöfum.

mildur: gjafmildur, örlátur

ala sút: vera kvíðinn

ósnjallur: heimskur

ugga: óttast

hotvetna: hvaðeina, allt

sýta: (hér) óttast

glöggur: (hér) nískur

sýtir æ glöggur við gjöfum: nískur maður óttast alltaf gjafir (því hann veit að hann þarf að endurgjalda þær)

Verkefni

1. Hvers vegna er nískur maður ekki hrifinn af að fá gjafir?
2. Bentu á andstæður í vísunni (vísbending: líttu á orð í fyrstu og síðustu ljóðlínu).
3. Finndu í vísunni orðasamband sem merkir að *vera kvíðinn*.
4. Hvar eru mörkin milli a) nísku og sparsemi; b) eyðslusemi og gjafmildi?
Gott gæti verið að koma með dæmi.
5. Finndu með hjálp kennara *ljóðstafi* í vísunni.

Er-a svo gott
sem gott kveða
öl alda sonum,
því að færra veit
er fleira drekkur,
síns til geðs gumi.

er-a: er ekki

kveða: segja

alda synir: menn (*öld:* (hér) menn)

gumi: maður

[Fyrstu þrjár línumnar: Öl er ekki eins gott fyrir menn og þeir vilja vera láta.
Síðustu þrjár línumnar: Því meira sem maður drekkur, því minna veit hann um
geð sitt (því minni verður dómgreind hans og skynsemi).]

Verkefni

1. Hvers vegna er ekki talið gott að drekka mikið öl samkvæmt vísunni?
2. Finndu tvö orð í vísunni sem merkja *maður/menn*.

Ár skal rísa
sá er á yrkjendur fáa,
og ganga síns verka á vit.
Margt um dvelur,
þann er um morgun sefur.
Hálfur er auður und hvötum.

ár: snemma

yrkjendur: vinnumenn

verki: verk, starf

dvelur: tefur

hálfur er auður und hvötum: hálfur auðurinn er undir því kominn að menn séu hvatir (röskir)

Verkefni

1. Í löngu línum (3. og 6.) eru gjarnan spakmæli. Þannig er um síðustu ljóðlínuna í þessari vísu. Hvað merkir spakmælið?
2. Tengdu efni vísunnar við frægan málshátt (vísbending: *Morgunstund gefur*).
3. Hvað merkir **ár** í orðinu **árdegis**? Hvernig heldur þú að orðið *morgunsár* sé sett saman (morgan-sár eða morguns-ár)?

Nefertiti – dóttir guðanna

Eitt frægasta listaverk allra tíma er brjóstmyndin af Nefertiti drottningu í Egyptalandi. Verkið er varðveitt í Berlín og telst eitt af perlum þeirrar borgar. Þýskir fornleifafræðingar fundu það árið 1912 um 300 km suður af Kairó en þar hafði það þá legið í 3200 ár.

Konur hafa ekki alltaf fengið þann sess sem þeim ber í mannkynssögunni en þó segir sagan frá nokkrum sem látið hafa til sín taka og skilið eftir sig slóð sem enn er rýnt í. Ein af þessum konum er egypska drottningin Nefertiti. Hún var uppi á 14. öld f. Kr. Hefur nafn hennar verið sveipað dulúð og leyndardómi allt fram á þennan dag.

Nefertiti var af ættum faraóa, en faðir hennar Ay varð faraó á eftir Tutankamon. Hún giftist svo faraónum Akhenaten og segir sagan að samband þeirra hafi verið mjög ástríkt og innilegt. Það skýrir kannski að hluta hve mikinn þátt hún virðist hafa tekið í að stjórna landinu ásamt manni sínum, en af heimildum að dæma virðist hún hafa verið honum nálega jafnréttihá. Sést það meðal annars á því að á mörgum veggmyndum þar sem þau sjást saman við einhverjar athafnir eru þau jafnstór. Fundist hafa brot úr bréfum Akhenatens til konu sinnar þar sem hann leyfir ekki ást sinni til hennar. Eignuðust þau saman sex dætur en engan son.

Til marks um þá stöðu sem Nefertiti hafði í Egyptalandi í lifanda lífi, má benda á að hún gekk undir nöfnum á borð við *drottning Nílar, dóttir guðanna* og *gyðja Miðjarðarhafsins*. Þótti hún einstaklega fögur sem sjá má af þeim styttum sem gerðar voru af henni. Nafnið Nefertiti merkir í bókstaflegum skilningi „Fögur kona er komin“.

Þá eru til myndir af Nefertiti þar sem hún sést vera að taka óvini Egypta af lífi, en fram að því höfðu einungis faraóar verið sýndir við þá iðju. Einnig hafa fundist myndir þar sem hún veitir ásamt manni sínum tignum Egyptum viðurkenningu.

Nefertiti var þó ekki fyrsta konan sem náði að verða leiðtogi í Egyptalandi. Á 15. öld f. Kr. tók Hatsheput við völdum þegar maður hennar lést og börn þeirra voru of ung til að setjast á valdastól. Samkvæmt sagnfræðingnum Jósefusi stóð stjórnartíð hennar í 21 ár.

Það sem Akhenaton er helst kunnur fyrir í stjórnartíð sinni eru nýjar áherslur í trúmálum. Ólíkt því sem verið hafði vildi hann tigna einn guð umfram aðra guði, en það var sólguðinn Ra. Studdi Nefertiti dyggilega við bakið á manninum sínum í því að breiða þessar nýju trúaráherslur út. Má segja að þessi trúarbreyting hafi verið nokkuð byltingarkennd á þeim tíma, en fram að því höfðu flest samfélög aðhyllst fjölgýðistrú, þ.e. dýrkað marga guði.

En svo er eins og Nefertiti hreinlega gufi upp þegar Akhenaten er búinn að vera á valdastóli í fjórtán ár. Hafa margir fræðimenn velt vöngum yfir því hvað hafi orðið um hana, en ekkert verður staðhæft um það. Sumir hafa haldið því fram að upp hafi komið ósamlyndi með þeim hjónum og Nefertiti hafi verið sett til hliðar. Aðrir telja að Nefertiti hafi skipt um nafn; tekið sér karlmannsnafnið Smenkhkare og stjórnað ásamt Akhenaten sem jafnréttihár leiðtogi. Flestir hallast hins vegar að því að hún hafi láttist af eðlilegum orsökum.

Verkefni

1. Hvar og hvenær var Nefertiti uppi?
2. Hvað var Nefertiti stundum kölluð?
3. Hvað er það sem gefur vísbendingu um að Nefertiti hafi verið jafnréttihá manni sínum?
4. Hvaða önnur kona hafði ráðið ríkjum í Egyptalandi á 15. öld f. Kr?
5. Hvað eru Akhenaten og Nefertiti helst kunn fyrir í stjórnartíð sinni?
6. Hvað varð um Nefertiti?
7. Hvar er hin fræga brjóstmynd af Nefertiti varðveitt?
8. Teldu upp nokkrar konur í hópi þjóðarleiðtoga.

Pýthagóras

Við könnumst flest við hina svokölluðu Pýthagórasarreglu sem við beitum í stærðfræði til að finna út lengd skammhliða í þríhyrningi. Þessi regla er kennið við grísku heimspekinginn og stærðfræðinginn Pýthagóras (570–495 f.Kr.), enda þótt ekki sé fullvist hvort hann hafi fundið hana upp sjálfur.

Pýthagóras var upprunninn á Grikklandi en fluttist til suðurhluta Ítalíu um 530 f.Kr. Hann er fyrsti heimspekingurinn sem ræddi um sálina sem undirstöðu lífsins. Auk þess trúði hann á sálnaflakk, það er að eftir dauðann fyndi sálin sér bólstað í öðrum líkama. Hann setti á stofn nokkuð einkennilegan trúarhóp sem lagði til dæmis bann við því að borða baunir, því talið var að jafnvel baunir hefðu að geyma sál. Sagt er að Pýthagóras hafi sjálfur tengst yfirnáttúrlegum öflum og að annað læri hans hafi verið úr gulli.

Meginkenning Pýthagórasar er mjög dularfull. Hann hafði sérstakan áhuga á tölum og hlutföllum þeirra sem hann taldi geyma lykilinn að eðli heimsins. Þar voru einkum mikilvægar tölurnar 1, 2, 3 og 4. Ef allar þessar tölur eru lagðar saman fæst út talan 10 ($1+2+3+4=10$), en sú tala, sagði Pýthagóras, táknað fullkomnun. Hann tengdi þessa hugmynd við tónlist, því tónarnir áttund, ferund og fimmund fást með því að slá strengi í hlutföllunum 1 á móti 2, 3 á móti 4 og 2 á móti 3. Hér er semsagt aftur um að ræða tölurnar frá 1 og upp í 4.

Út frá þessum hugmyndum setti Pýthagóras fram þá kenningu að tónlist væri eins konar tungumál alheimsins sem einnig væri hægt að tákna með tölum. Alheimurinn er þannig eins og sinfónía sem tjáir fullkomin hlutföll sín með fallegum tónum. Enginn veit hvort Pýthagóras hafi einhvern tíma getað hlustað á tónlist alheimsins. En víst er að hann var brautryðjandi þeirrar hugsunar að skipulag alheimsins megi setja fram í stærðfræðilegum talnahlutföllum. Og þar sem hann gerði sér einnig grein fyrir tengslum stærðfræði og tónlistar var hugmynd hans um sinfóníu alheimsins kannski alls ekki svo fráleit.

Þá var Pýthagóras fyrstur til að kalla sig „heimspeking“ eða elskanda vísdóms. Þar sem engin skrif Pýthagórasar hafa varðveist vitum við minna um hann en við hefðum kosið. Hugmyndir hans hafa borist til okkar frá öðrum fræðimönnum og við vitum til dæmis að heimspekingurinn Plató hafði mikið álit á honum og var undir töluverðum áhrifum frá honum.

Texti eftir dr. Geir Sigurðsson

Verkefni

1. Hvað er reiknað út með hinni svokölluðu Pýthagórasarreglu í stærðfræði?
2. Hvaðan var Pýthagóras og hvar settist hann að?
3. Á hvaða öld var Pýthagóras uppi?
4. Hvað ræddi Pýthagóras fyrstur allra heimspekinga?
5. Hvað merkir „sálnaflakk“?
6. Af hverju borðuðu Pýthagóras og fylgismenn hans ekki baunir?
7. Hvernig má lýsa tengslum stærðfræði og alheimsins, samkvæmt Pýthagórasi?
8. Hvernig má lýsa tengslum tónlistar og alheimsins, samkvæmt Pýthagórasi?
9. Getur það verið að alheimurinn leiki tónlist?

Hvernig þokan myndaðist

Knud Rasmussen var danskur fræðimaður sem m.a. safnaði sögum og ævintýrum á Grænlandi á árunum 1902–1921. Margar þessara sagna eru ævagamlar og höfðu verið sagðar kynslóð eftir kynslóð allt frá Alaska til Austur-Grænlands.

Fjallavættur einn gróf upp lík og át þau þegar hann kom heim. Maður nokkur sem langaði til að finna þjófinn lét grafa sig lifandi. Nú sér fjallavætturinn nýju gröfina, grefur upp líkið og dregur það burt.

Maðurinn hafði sett steinhellu inn undir klæði sín í öryggisskyni ef vætturinn mundi ætla að stinga hann á hol. Hann gerði sig eins þungan og hann gat á leiðinni og greip í víðirunna og því varð vætturinn að beita öllum kröftum.

Loksins komst hann heim að húsi sínu og skellti nú burðarólunum með líkinu á gólfíð. En hann var alveg uppgefinn og fór því beint að sofa, en konan fór út að sækja brenni til að geta eldað matinn.

„Pabbi, pabbi, hann opnar augun,“ hrópuðu börnin þegar sá dauði lét skyndilega rifa í augun.

„Bull og vitleysa, börn, þetta er lík sem ég er búinn að rogast með gegnum kjarrið,“ svaraði faðirinn.

En maðurinn stóð upp og drap fjallavættinn og börn hans og flúði síðan á hlaupum. Kona fjallavættarins sér hann og heldur að þetta sé maðurinn sinn.

„Hvert ertu að fara?“

Maðurinn svaraði ekki, heldur hélt áfram á hlaupunum, og konan, sem nú fór að gruna margt, hljóp á eftir honum.

Þegar komið var niður á láglendi hrópaði maðurinn: „Lyftið ykkur, hæðir!“ og margar hæðir lyftu sér.

Kona fjallavættarins dróst nú aftur úr af því að hún þurfti að príla upp í móti. Flóttamaðurinn kemur nú að lítilli á sem hann stekkur yfir.

„Flæddu nú yfir bakka þína, á!“ hrópaði hann, og nú var ómögulegt að komast yfir.

„Hvernig komstu yfir ána?“ kallaði konan.

„Ég drakk vatnið úr henni. Drekktu hana bara upp.“ Og konan fór að þamba vatnið. Maðurinn snýr sér nú í átt til hennar og kallar: „Líttu á pelslafið milli fóta þinna.“

Og þegar hún beygði sig til að sjá það sprakk búkur hennar.

En um leið og hún sprakk stóð vatnsgufan upp af henni og varð að þoku sem enn þann dag í dag sveimar hér út á milli fjallanna.

Knud Rasmussen. Myter og sagn fra Grønland (Forlaget Sesam. Viborg 2004, bls. 194–195)

Verkefni

1. Hvað er sérstakt við „líkið“ í sögunni?
2. Hvers vegna var fjallavætturinn svona þreyttur?
3. Hvernig myndaðist þokan?

Umræða

1. Kennari fær börnin til að rifja upp Búkollusöguna og láta þau benda á sameiginlega drætti. Sláandi líkindi eru þarna á milli, sbr. vatnið sem persóna úr „óvinaliðinu“ drekkur. Það er alveg hugsanlegt að þarna birtist íslensk áhrif því að fyrir árið 1900 (þ.e. áður en grænlensku sögunum var safnað) höfðu ýmsir Íslendingar verið á Grænlandi á vegum Danakonungs (nefna má skáldið Sigurð Breiðfjörð (1798–1846) í þessu sambandi). Önnur

grænlensk ævintýri eru mörg hver gjörólík því sem við eignum að venjast og bera vitni um allt aðra frásagnarhefð.

2. Við tökum eftir að stíllinn er mjög einfaldur og laus við allt skraut. Engu orði er ofaukið, sagan er sögð alveg hlutlaust; afstaða sögumanns til persóna kemur ekki fram. Og ekki fáum við að kynnast tilfinningum hetjunnar og sálarlífí.
3. Látum unglingana rökstyðja að hér sé um sköpunarsögu að ræða: fyrirbæri í náttúrunni skýrð með sögu. Slíkar sögur kallast gjarnan *mýtur* á erlendum málum (við tölum oft um *goðsögur* í því sambandi).
4. Eins og í svo mörgum sögum og ævintýrum vill hetjan komast til botns í tilteknu máli. Segja má að hetjan fari inn í ríki hinna dauðu (þetta gæti minnt á Hermóð sem fór til Heljar til að freista þess að fá Baldur bróður sinn lausan). Hetjan er klók (þreytir óvininn) og býr auk þess yfir kynngikrafti (getur haft áhrif á náttúruna). Sigur vinnst að lokum og óhugnaðinum sem steðjaði að samfélagi mannanna er bægt frá. Þannig má segja að öll helstu einkenni ævintýra birtist í þessari sögu.
5. Þann lærðóm mætti því draga af sögunni (fyrir utan skemmti- og fræðslugildið, sbr. uppruna þokunnar) að með hugrekki (hetjan þorir að láta grafa sig lifandi) og klókindum (rífur í greinarnar) megi sigrast á óvissu og angri.
6. Þó að ekki sé um að ræða stílfræðileg tilþrif í sögunni má benda á andstæðurnar mannheimur – heimur vætta (og þar með klókindi gagnvart heimsku).

Hvernig náhvalurinn varð til

Það var eitt sinn maður sem var sjónlaus og þegar félagar hans fóru til veiða skildu þeir hann eftir ásamt móður sinni og litlu systur.

Dag einn þegar sá blindi lá og svaf vakti móðirin hann. „Björn, björn í glugganum!“ sagði hún og hann spennti boga sinn og hún stýrði hendi hans. „Það var eins og hún hitti björn,“ sagði hann þegar hann hafði skotið örinni.

„Ó, nei, þú hittir gluggasteininn.“ Hún vildi nefnilega vera ein um að eta björninn. Syninum gaf hún bara skelfisk. En litla systirin laumaði kjötbita undir loðfeldinn sinn og gaf bróður sínum.

Dag einn um hásumarið sagði blindi maðurinn við systur sína: „Leiddu mig upp að vatni,“ og hún leiddi hann upp að vatni. Þar sem hann stóð við vatnið kom lómur og fór að tala við hann: „Taktu um hálsinn á mér, ég ætla að bera þig,“ sagði hann. Og svo dýfði hann sér í vatnið með hann. Þeim blinda lá við köfnun. Þá kom hann snöggvast upp á yfirborðið aftur og síðan niður og þannig koll af kolli. Sá blindi tók andköf.

„Sérðu til lands?“ spurði lómurinn. „Ég sé!“ hrópaði maðurinn en lómurinn dýfði sér á ný. Og sama sagan endurtók sig.

„Sérðu núna?“

„Ég sé löndin!“

Þannig fékk maðurinn sjónina og fór heim.

„Þanið bjarnarskinn!“ sagði maðurinn þegar hann kom heim. Já, hann Persoraq skildi það eftir,“ laug móðirin. „Sjáiði, sjáiði! Höfrungar þarna úti!“ sagði maðurinn. „Skutla, skutla! Og bittu mig fasta við veiðilínuna!“ sagði móðirin æst. Og svo notaði hann hana til að festa veiðilínuna sína við. „Taktu þann litla þarna, ég get ráðið við hann,“ kallaði móðirin og svo festi hann í litlum höfrungi og veiddi hann.

Daginn eftir ákvað hann að binda enda á líf móðurinnar í hefndarskyni og skaut stóran höfrung sem reif móðurina til sín í sjóinn. „Sveðjuna mína, sveðjuna mína!“ öskraði móðirin um leið og hún hvarf í öldurótið; hún ætlaði að skera á línuna. En hún kom ekki aftur og breyttist í náhval því hún fléttaði á sér hárið og breytti því í vígtennur og frá henni eru náhvalir komnir. Áður voru aðeins til höfrungar.

Maðurinn iðraðist þess að hafa drepið móður sína og hélt á brott með systurinni. Á leið sinni hittu þau fyrir fólk með langar klær. Þetta fólk átti enga hnífa en notaði klærnar til að flá með.

„Bjóðið þeim inn,“ sagði sá elsti. Og þegar þau voru komin inn reif fólkid systurina á hol og át hana.

„Hvers vegna étið þið hana!“ hrópaði bróðirinn í reiði sinni og drap fólkid með rostungstönn. Svo safnaði hann beinum systur sinnar saman og setti þau í poka og hélt á brott með þau. Hann var mikill seiðmaður og þar sem hann bar systurina svona á bakinu fór hún smátt og smátt að lifna við og loks fór hún að tala:

„Bróðir, láttu mér batna!“ – Og nú var orðið þungt að bera hana.

„Bróðir, ég vil ganga sjálf.“ – Og hún fór að ganga.

Nú komu þau til manna, manna sem höfðu engan rass í afturendanum, heldur í höndunum. Þarna fékk bróðirinn sér konu en systirin mann. Kona bróðurins varð ófrísk og einnig systirin.

„Ég hef fengið barnabarn með lítinn rass á sínum stað!“ æpti gömul kona þegar systirin fæddi barnið. „Hvar er kjötpinninn minn, hvar er kjötpinninn minn?“ hrópaði kerlingin. Og svo stakk hún sig í afturendann til að fá þar rass líka en datt um koll og dó.

Þegar rasslausa konan átti að fæða var hún skorin upp og síðan saumuð saman aftur eftir fæðinguna. Þannig voru konurnar þarna vanar að fæða.

Hjá þessu fólk settust systkinin nú að og lifðu þar til ellíára.

Verkefni

1. Hvers vegna sagði móðirin syni sínum ekki satt um dráp bjarnarins?
2. Hvernig fékk blindi maðurinn sjónina?
3. Hver er afstaða systurinnar til hins blinda bróður?
4. Hvernig losaði maðurinn sig við móður sína?
5. Hvað varð um hárið á móðurinni?
6. Hvaða tilgangi þjónaði rostungstönnin?
7. Hvað varð um konuna sem eignaðist barnabarn?

Umræða

1. Hér er saga sem skýrir ekki aðeins uppruna náhvala heldur fáum við einnig skýringu á áferð skögultannarinnar (líkist fléttu í hári síðhærðra kvenna). Sögur af þessu tagi eru gjarnan kallaðar mýtur eða goðsögur. Mjög margar mýtur eru sköpunarsögur; þær skýra tiltekin fyrirbæri í náttúrunni. Þór safnar beinunum úr höfrunum saman og lífgar þá við eftir að hafa gætt sér á kjötinu af þeim (upphaf sögunnar af för þórs til Útgarða-Loka í *Snorra-Eddu*).
2. Annars er þetta kannski umfram allt saga um uppvöxt fatlaðs drengs sem farið er illa með. Í kjölfarið kemur svo hefndin. Eftir það er greint frá iðruninni: sonurinn iðrast þess að hafa valdið dauða móðurinnar. Glæpur hans veldur því að hann yfirgefur heimilið. Þetta minnir á útlegð sem óbótamenn eru dæmdir í. Í útlegðinni lendir maðurinn í „klónum“ á illþýði sem drepur það sem honum er kært. Hefnd fylgir og síðan verðum við vitni að kraftaverki (systirin lifnar við). Sögulok eru farsael.
3. Vel má tengja söguna fötlun og meðferð á fötluðum. Jafnvel foreldrar geta brugðist slíkum börnum. En systkinin finna þá kannski til samkenndar eins og fram kemur í þessari sögu.

4. Ræða mætti söguna út frá kraftaverkunum. Maðurinn fær sýn og stúlkan lifnar við. Hér birtist draumur manna um að hið ómögulega gerist. Í þessari sögu kemur hjálpin úr ríki náttúrunnar: lómurinn gefur manninum sýn. Þessi nálægð við náttúruna og dýr á sjó og landi er afar sterk í grænlenskum sögnum.
5. Náhvalstennur voru afar dýrmæt verslunarvara og jafnvel er talið að Íslendingar hafi verslað með þessa vöru á miðöldum í tengslum við Grænland. Sögur af tönnum náhvala tengjast sögum af töfradýrinu einhyrningi.

Aukaverkefni

1. Fjórir nemendur fara á skólasafnið og fletta upp í bókinni *Pjóðsögur við sjó*, bls. 141-144. Síðan greinir hver þessara fjögurra nemenda frá sinni sögu. Sögurnar eru að því leyti í anda sögunnar um náhvelið að tiltekið fyrirbæri í dýraríkinu er skýrt.
2. Nokkrir nemendur fara á skólasafn og sækja sér upplýsingar á vef um náhval, sjá t.d. <http://visindavefur.hi.is/svar.asp?id=3832> og <http://is.wikipedia.org/wiki/Náhvalur>. Síðan greinir hópurinn frá helstu niðurstöðum.